

SKÓLANÁMSKRÁ GARÐASKÓLA

2023



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

Innihald

1.	Inngangur	4
2.	Saga skólans	5
3.	Stefna skólans.....	6
3.1.	Yfirlit um stefnu skólans	7
3.1	Gildi Garðaskóla.....	8
3.1.1	Frelsi	8
3.1.2	Ábyrgð	9
3.1.3	Vellíðan.....	9
3.1.4	Árangur.....	9
3.2	Skólabragur.....	9
3.2.1	Uppbyggingarstefnan: Samskipti og skólaandi.....	10
3.2.2	Skólareglur.....	10
3.2.3	Skólasókn og ástundun.....	11
3.2.4	Umgengni	14
3.3	Uppeldis- og kennslufræðileg stefna.....	15
3.3.2	Umsjón	15
3.3.2	Fagdeildir	15
3.3.3	Námsverið.....	15
3.3.4	Bráðgerir unglingar.....	16
3.3.5	Valgreinar	17
3.3.6	Undanþágur frá námi og/eða skólasókn	17
3.3.7	Uppbrot	18
3.3.8	Heimanám	18
3.3.9	Námstækni	18
3.3.10	Norska – sænska.....	18
3.4	Náms- og starfsfræðsla.....	19
3.5	Félagslíf nemenda.....	19
3.6	Tölvu- og netstefna Garðaskóla	19
3.7	Skjalastefna og persónuvernd	19
4.	Grunnpættir menntunar	20
4.1	Læsi.....	20
4.1.1	Mælingar á læsi	20
4.1.2	Kennsla og önnur vinna innan skólans sem miðar að eflingu læsis:	21
4.1.3	Samstarf skóla og heimila.....	21
4.1.4	Stuðningur við nemendur með lestrarerfiðleika	22

4.2	Sjálfbærni	22
4.3	Heilbrigði og velferð	23
4.4	Lýðræði og mannréttindi.....	23
4.5	Jafnrétti	24
4.5.1	Garðaskóli sem menntastofnun	24
4.5.2	Garðaskóli sem vinnustaður	25
4.6	Sköpun.....	26
5.	Lykilhæfni	28
6.	Markmið náms.....	29
6.1	Námsáætlanir og einstaklingsáætlanir.....	29
6.2	Valgreinar	29
7.	Námsmat	30
7.1	Matsviðmið og einkunnir	30
7.2	Hæfnimiðað nám.....	31
7.3	Námsframvinda	31
7.4	Leiðsagnarmat.....	31
7.5	Stöðluð próf og skimun	31
7.6	Lykilhæfni	32
7.7	Vitnisburður.....	33
7.8	Meðmælabréf.....	33
8.	Forvarnar- og viðbragðsáætlanir.....	35
8.1	Forvarnaráætlun.....	35
8.1.1	Velferð barna og ungmenna í Garðaskóla.....	35
8.1.2	Forvarnir gegn notkun áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna	36
8.1.3	Forvarnir á sviði netnotkunar	36
8.1.4	Viðbrögð við óábyrgri hegðun.....	37
8.2	Gegn einelti í Garðabæ.....	37
8.3	Viðbragðs- og áfallaáætlun	38
8.4	Nemendaverndarráð	38
9.	Starfsfólk.....	39
9.1	Skipurit	39
10.	Samstarf heimila og skóla.....	40
10.1	Þátttaka foreldra í skólastarfinu	40
11.	Samstarf skólastiga og samfella í skólastarfi	41
11.1	Móttaka nýrra nemenda	41
11.2	Móttaka nýbúa	41

11.3	Úr sjöunda í áttunda bekk í Garðabæ	42
11.4	Úr grunn- í framhaldsskóla í Garðabæ	42
11.5	Vinnureglur um útskrift nemenda í lok 9. bekkjar	42
12.	Samstarf við nærsamfélag.....	44
13.	Mat á skólastarfi.....	45
14.	Þróunarstarf og starfsþróun.....	46

1. Inngangur

Skólanámskrá Garðaskóla er unnin af starfsmönnum skólans og stórir hlutar hennar fara til umsagnar og yfirlesturs hjá nemendum og foreldrum. Skólanámskrá og önnur rit sem skilgreina og lýsa starfi skólans eru ávallt borin undir skólaráð til umræðu og samþykktar.

Skólanámskrá Garðaskóla birtist nú mikið endurskoðuð frá síðustu útgáfu sem birt var árið 2008. Með tilkomu nýrra laga um grunnskóla¹ og Aðalnámskrár² hafa kröfur um útlit og innihald skólanámskrár breyst. Auk þess tekur skólanámskráin mið af ýmsum reglugerðum³ og [skólastefnu Garðabæjar](#). Skólaárið 2013-2014 var skólastefnan tekin til endurskoðunar og fylgdust starfsmenn Garðaskóla vel með þeirri vinnu.

Lýsing á starfi Garðaskóla birtist nú í eftirfarandi miðlum:

- [Skólanámskrá](#)
- [Starfsáætlun](#)
- [Ársskýrslu](#)
- [Samskipti og skólaandi](#)
- [Heimasíðu Garðaskóla](#)

Auk þess miðlar skólinn upplýsingum á ýmsan annan máta, t.d. í fréttabréfi Upplýsingavers og föstudagspistlum skólastjóra.

Starfsfólk skólans hefur lagt mikla og góða vinnu við að endurmeta kennsluhætti og endurskrifa lýsingar á skólastarfinu til að mæta kröfum nýrrar Aðalnámskrár. Helstu breytingar frá síðustu útgáfu skólanámskrár eru að hagnýtum atriðum varðandi daglegt starf, starfsmannahald, nemendafjölda, húsnaði o.s.frv. eru nú gerð skil í *Starfsáætlun* í upphafi hvers skólaárs. Skólanámskráin birtir kennslufræðilega stefnu skólans og er hún endurskoðuð ekki sjaldnar en á fimm ára fresti og oftár eftir þörfum. Í skólanámskrá er nú gerð grein fyrir atriðum sem komu til sögunnar með nýrri Aðalnámskrá frá 2011/2013 og ber þar helst að geta lýsinga á því hvernig skólinn vinnur að sex grunnþáttum menntunar og hvernig lykilhæfni nemenda er metin.

Í starfi Garðaskóla leggja starfsmenn höfuðáherslu á eftirfarandi atriði:

- Vel skipulagt og öruggt vinnuumhverfi.
- Vel skilgreind og skýr námsmarkmið.
- Fjölbreytt námstækifæri.
- Góða daglega stjórnun.
- Framfarir í námi hvers nemanda.
- Virkt eftirlit með námi nemenda.
- Góðar aðstæður til náms og starfa.
- Gott samstarf heimila og skóla.

¹ [Lög um grunnskóla nr. 91/2008](#).

² [Aðalnámskrá grunnskóla. \(2011/2013\)](#). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

³ Helst ber þar að nefna [reglugerð 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur allra aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og [reglugerð 1157/2008](#) um skólaráð við grunnskóla.

2. Saga skólans

Garðaskóli hóf starfsemi 11. nóvember 1966 í húsnæði við Lyngás í Garðabæ. Hann hét í upphafi Gagnfræðaskóli Garðahrepps og fyrsta árið voru nemendur skólans 115. Nafni skólans var breytt í *Garðaskóla* eftir að Garðahreppur breyttist í Garðabæ og fékk kaupstaðarréttindi 1976.

Nemendur Garðaskóla koma úr öllum hverfum bæjarins og urðu flestir tæplega 740 skólaárið 2003-2004. Tólf ára nemendur stunduðu nám við Garðaskóla frá 1984-2005 og unglingar af Álftanesi sóttu Garðaskóla frá 1966 til 2006. Skólaárið 2022-2023 stunda rúmlega 620 nemendur nám við skólann. Nú stunda um 550 nemendur nám við skólann.

Upphaflega húsnæði Garðaskóla við Lyngás var stækkað um helming með viðbyggingu árið 1970 en fyrsti áfangi núverandi skólahúsnæðis við Vífilsstaðaveg var tekinn í notkun 1976. Hönnuður hússins er Manfreð Vilhjálmsson arkitekt. Skólinn stendur á sömu lóð og íþróttamiðstöðin Ásgarði og nýtur góðs af nábylinu við frábæra aðstöðu til íþróttaiðkunar. Bókasafn bæjarins var lengi rekið í húsnæði skólans og var jafnframt skólasafn þar til það flutti á Garðatorg og bókasafn skólans var sett upp í kjölfarið. Skólabjalla var lögð af í húsnæði skólans 1981 og bjalla hefur því ekki hringt í skólanum í 40 ár.

Félagsmiðstöðin Garðalundur var stofnuð árið 1986 og hefur síðan deilt húsnæði með Garðaskóla. Starfsemi skólans og Garðalundar hefur fléttast náið saman og báðir aðilar lagt kapp á að skapa jákvæðan og uppbyggilegan vettvang til náms og félagslífs fyrir unglinga í Garðabæ.

Árið 1978 voru stofnaðar framhaldsdeildir við Garðaskóla og nefndar Fjölbrautir Garðaskóla. Nemendur gátu lokið þar tveggja ára námi en urðu síðan að leita til annarra skóla. Framhaldsdeildirnar voru fyrirrennari Fjölbrautaskólans í Garðabæ (FG) sem stofnaður var á grunni þeirra 1984. Fjölbrautir Garðaskóla gátu í samstarfi við Flensborg útskrifað stúdenta. Þrír nemendur luku þannig námi til stúdentsprófs frá Garðaskóla vorið 1982 og aðrir 13 bættust við í desember sama ár. Vorið 1983 útskrifuðust um 20 stúdentar frá skólanum. Garðaskóli er trúlega eini grunnskóli landsins sem hefur náð að útskrifa stúdenta.

Hópakerfi með áfangasniði hefur verið við lýði í skólanum síðan fjölbrautirnar tóku til starfa. Kerfið gerir skólanum kleift að sníða námsframboð og námshópa að ólíkum þörfum og áhuga nemenda. Fjölbrautaáfangar eru ennþá kenndir í skólanum og gera nemendum kleift að styttu námstímann til stúdentsprófs. Náíð samstarf Garðaskóla við FG hefur haldist alla tíð.

Garðaskóla hefur haldist ákaflega vel á starfsfólki. Sem dæmi má nefna að þegar Þröstur V. Guðmundsson aðstoðarskólastjóri lauk störfum sumarið 2011 voru 39 ár síðan hann tók við starfi raungreinakennara við skólann. Kynjahlutföll starfsmanna hafa verið nokkuð jöfn og kennarar hafa verið mjög vel menntaðir á sérsviðum sínum.

Gunnlaugur Sigurðsson varð skólastjóri við stofnun skólans og þróaði meginrætti í starfi hans. Gunnlaugur hlaut árið 2011 íslensku menntaverðlaunin fyrir framlag sitt til þróunar skólastarfs á Íslandi. Ragnar Gíslason tók við af Gunnlaugi í janúar 2002 og leiddi áfram áherslu skólans á sterka faggreinakennslu og fjölbreytt námsframboð. Ragnar innleiddi uppbyggingarstefnuna sem festi í sessi jákvæðan skólabrag. Kannanir Skólapúlsins, niðurstöður samræmdra prófa og PISA kannana staðfesta að nemendur Garðaskóla eru jákvæðir gagnvart skólanum, líður þar vel og ná miklum árangri. Ragnar lét af störfum vegna veikinda í janúar 2014 og þá tók Brynhildur Sigurðardóttir við sem skólastjóri. Hún hafði þá leyst af við stjórnun skólans í nokkur misseri og það hafði sömuleiðis gert Þröstur Guðmundsson sem starfaði við skólann í 39 ár, lengst af sem aðstoðarskólastjóri. Brynhildur lét af störfum í ágúst 2019 og tók þá Jóhann Skagfjörð Magnússon við starfinu.

3. Stefna skólans

Í Garðaskóla stunda rúmlega 620 nemendur á aldrinum 13-16 ára nám í 8.-10. bekk. Nemendur koma úr öllum hverfum Garðabæjar auk þess sem lítill hluti þeirra er búsettur í öðrum sveitarfélögum. Gott samstarf er milli Garðaskóla og annarra grunnskóla Garðabæjar um flutning nemenda milli skóla.

Skv. Aðalnámskrá grunnskóla er skólavika nemenda 24-25 klst. löng. Kennslustundir í Garðaskóla eru flestar 55 mínútna langar. Umsjónartími er einu sinni í viku í 55 mínútur auk þess sem umsjónarbekkir hittast daglega í yndislestri í 20 mínútur. Skólastarf hefst að jafnaði kl. 8.10 alla virka daga nema á þriðjudögum og lýkur yfirleitt kl. 14.15 eða kl. 15.20. Skólaárinu er ekki skipti í annir en nemendur fá endurgjöf á stöðu sína í námi jafnt og þétt allt skólaárið. Viðtöl við nemendur og foreldra eru haldin um mitt haust og í upphafi vorannar til að ræða um markmiðssetningu hvers nemanda, líðan, stöðu og framvindu í náminu.

Í Garðaskóla er unglingum boðið að taka þátt í fjölbreyttu félagslífi og námsumhverfi við hæfi hvers einstaklings. Skólinn státar af öflugri fagkennslu bæði í bóklegum og verklegum greinum. Fagstjórar halda utan um starfið í stærstu fagdeildunum og stýra vinnu fagkennara en kennslan byggir á mikilli samvinnu þeirra. Hefðbundið skólastarf er reglulega brotið upp t.d. með „Gagn og gaman“ þemadögum að hausti, heilsudögum að vori og ýmsum uppákomum í skólanum svo sem leiksýningum og fræðsluerindum. Nemendur skólans hafa náð framúrskarandi árangri í námi samkvæmt mælingum samræmdra prófa og PISA könnunar OECD.

Nemendur í 8. bekk eru í bekkjakerfi sem styður við þá félagslega á meðan þeir eru að laga sig að vinnubrögðum og skólabrag. Áhersla er lögð á að nemendur fái gott svigrúm sitt fyrsta ár í skólanum til að aðlagast vinnubrögðum og samskiptareglum skólans. List- og verkgreinar skipa stóran sess í stundatöflum 8. bekkjar. Bekkirnir eru blandaðir, reynt er að hafa svipaðan nemendafjölda og kynjablöndun í öllum umsjónarbekkjum. Stuðningur við nám og hegðun fer að mestu leyti fram inni í bekkjardeildum.

Að loknum 8. bekk geta nemendur valið sér námsleið úr fjölbreyttu úrvali áfanga á grunnskólastigi, í skyldunámsgreinum og vali, bóklegu námi og verklegu. Þeir nemendur sem geta og vilja eiga kost á að flýta för sinni í átt að stúdentsprófinu með því að taka framhaldsskólaáfanga sem kenndir eru í Garðaskóla í nánú samstarfi við Fjölbautaskólann í Garðabæ.

Í 9. bekk og 10. bekk eykst val nemenda og stundatöflur þeirra eru lagaðar að áhuga og námslegum þörfum hvers og eins. Slík einstaklingsmiðun er möguleg í krafti hópa- og ferðakerfis skólans sem byggt er upp á svipaðan hátt og áfangakerfi fjölbautaskóla. Nemendum er skipt í námshópa innan hvernar faggreinar eftir óskum þeirra og hæfni í náminu. Í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði er nemendum skipt í ferðir eftir því að hvaða hæfni þeir stefna að. Farið er yfir sömu námssvið í öllum ferðum en verkefni, vinnubrögð og námsgögn geta verið mismunandi. Í hraðferðum er stefnt að meiri og fjölbreyttari hæfni en í hægferðum. Innan hvernar greinar eru sett ákveðin viðmið fyrir röðun í ferðirnar. Teymi fagkennara raðar nemendum í ferðir í hverri grein og staða nemenda gagnvart hæfniviðmiðum við lok skólaárs ræður mestu um röðunina. Röðun í ferðir er endurskoðuð þegar þörf er á. Í grófum dráttum má lýsa ferðunum á eftirfarandi hátt:

Hægferðir miðast við nemendur sem hafa ekki náð fullum tókum á þeirri hæfni sem stefnt er að í árganginum. Nemendur fá einstaklingsmiðaðri stuðning við nám sitt og áhersla er lögð á að næra áhuga hvers og eins. Stefnt er að sæmilegu læsi á námssviðinu þó margir nemendur vinni samkvæmt einstaklingsnámskrám og stefni ekki að því að ná að fullu matsviðmiðum Aðalnámskrár við lok grunnskólans. Hóparnir eru fámennir og oft kenndir af teymi fag- og sérkennara.

Miðferðir miðast við nemendur sem stefna að því að ná góðum tókum á hæfniviðmiðum námssviðsins. Reynt er að hafa hópastærð hóflega til að kennarar eigi hægara með að mæta ólíkum þörfum þeirra nemenda sem raðast í miðferðirnar.

Hraðferðir miðast við nemendur sem stefna að framúrskarandi hæfni í námsgreininni. Hóparnir eru fjölmennir og gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð. Í þeim faggreinum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi (enska, íslenska og stærðfræði) heita hraðferðirnar flugferðir í 9. bekk og fjölbrautaáfangar í 10. bekk.

Flugferðir í 9. bekk miðast við duglega og afkastamikla nemendur sem ljúka yfirferð um hæfniviðmið 9. og 10. bekkjar á einu ári.

Fjölbrautaáfangar í 10. bekk samsvara áföngum á öðru þrepi í framhaldsskóla (sjá [aðalnámskrá framhaldsskóla](#)). Nemendur sem hafa lokið flugferðum í 9. bekk geta tekið fjölbrautaáfanga í ensku, íslensku og stærðfræði. Nemendur sem ljúka þessum áföngum með tiltekinni lágmarkseinkunn geta fengið nám sitt metið til eininga við Fjölbrautaskólann í Garðabæ (FG) og jafnvel fleiri skóla. Nemendum í fjölbrautaáföngum stendur til boða að taka lokapróf í áföngunum í FG og fá þá vottun framhaldsskóla fyrir að hafa lokið áfanganum. Vilji nemendur taka framhaldsskólaáfanga í fleiri greinum er sá möguleiki einnig fyrir hendi að stunda fjarnám við framhaldsskóla.

Í Garðaskóla eru einstaklingar gerðir ábyrgir fyrir gjörðum sínum í leik og starfi og ætlast til að þeir vinni í sínum málum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Starfsfólkið hefur áhuga á ungu fólki og sérhæfingu í að vinna með hið viðburðarríka og viðkvæma æviskeið unglingsáranna. Starfsmenn styðja við nemendur skólans svo þeir megi vaxa og þroskast sem sjálfstæðir einstaklingar. Allt starfsfólk nýtir sér hugmyndir og aðferðir [Uppeldis til ábyrgðar](#) til að koma þessum markmiðum í verk.

Rótgróið samstarf er milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Nemendafélag Garðaskóla skipuleggur öflugt og fjölbreytt félagslíf í samstarfi við starfsmenn Garðalundar. Nemendaráð Garðaskóla fylgist með aðbúnaði, skipulagi og starfsháttum í skólanum og vinnur náið með stjórnendum að því þróa og bæta skólann. Undir handleiðslu námsráðgjafa skólans starfar hópur nemendaráðgjafa sem sér um jafningjafræðslu gegn einelti, fylgist með samskiptum innan skólans og tekur á móti nýjum nemendum.

Garðaskóli er umhyggjusamt og metnaðarfullt samfélag. Rík áhersla er lögð á gott samstarf allra aðila og umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki í samskiptum við heimilin. Nemendur, starfsmenn og forráðamenn eru virkjaðir til trúnaðarstarfa af ýmsu tagi. Þessi störf eru unnin í nefndum og ráðum sem skipuð eru í upphafi hvers skólaárs og bera ábyrgð á framvindu ákveðinna verkefna í starfi skólans og samstarfi við nærumhverfið. Virk þátttaka nemenda í lýðræðislegu samfélagi er byggð upp með markvissri þjálfun nemenda í samræðufærni og gagnrýnninni hugsun; og með því að gefa þeim sess í samfélagi þar sem hlustað er á alla aðila og stöðugt leitað leiða til að gera góðan skóla enn betri.

3.1. Yfirlit um stefnu skólans

Stjórnun Garðaskóla miðar að því að hafa skýrt samhengi milli grundvallargilda skólans, helstu áherslupátta í skólastarfinu, daglegs starfs og þróunarverkefna. Samhengi þessara þátta er lýst í töflu 3.1 og nánari lýsing á hverjum þætti er að finna í öðrum köflum skólanámskrár.

Tafla 3.1 Stefna Garðaskóla

Gildi Garðaskóla	Áherslur – grunnþættir menntunar	Lykilhæfni nemenda	Áherslur skólaársins	Starfsþróun skólaársins	Daglegt starf
------------------	----------------------------------	--------------------	----------------------	-------------------------	---------------

FRELSI	Skapandi skólastarf	Tjáning og miðlun Skapandi og gagnrýnin hugsun Sjálfstæði og samvinna	Upplýsinga- og tæknimennt		
ÁBYRGÐ	Lýðræði og mannréttindi Sjálfbærni	Sjálfstæði og samvinna Ábyrgð og mat á eigin námi	Umsjón/lífsleikni SKÍN Vinnumat kennara Stefna skólans- ábyrgð starfsmanna		
VELLÍÐAN	Jafnrétti Heilbrigði og velferð	Skapandi og gagnrýnin hugsun Sjálfstæði og samvinna Ábyrgð og mat á eigin námi	Stundatöflugerð, lengd og skipulag vinnudags.		
ÁRANGUR	Læsi	Ábyrgð og mat á eigin námi Nýting miðla og upplýsinga Tjáning og miðlun	Læsi til náms Hæfniviðmið og námsmat SKÍN Upplýsinga- og tæknimennt Stefna skólans- ábyrgð starfsmanna		

3.1 Gildi Garðaskóla

FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

Haustið 2012 hófu starfsmenn Garðaskóla vinnu við að skilgreina gildi Garðaskóla. Tilgangurinn var að draga saman einkennisorð skólans sem síðan væri hægt að vísa til í stefnumótun og daglegu starfi. Vorið 2013 drógu starfsmenn saman sínar [niðurstöður](#) og voru þær kynntar nemendum og forráðamönnum skólaárið 2013-2014. Haustið 2014 lögðu nemendur skólans fram [sínar hugmyndir](#) um hver gildin ættu að vera og vorið 2015 voru hugmyndir nemenda og starfsmanna kynntar foreldrum á nýjan leik til umsagnar. Skólaráð og nemendaráð Garðaskóla tóku endanlega ákvörðun um gildi Garðaskóla á sameiginlegum fundi sínum vorið 2015.

Gildi Garðaskóla eru fjögur orð, hvert þeirra stendur fyrir eitthvað stórt og mikilvægt. Gildin eru einkennisorð og ákveðin birtingarmynd skólans. Einnig líta starfsmenn svo á að með því að draga saman þá hugsjón sem býr að baki starfinu í skólanum þá sé auðveldara að útskýra starf skólans og leiðrétt það sem út af ber með því að vísa til þessara gilda. Gildin leiðbeina áfram, vísa veginn til að gera hvern dag góðan og lífið allt uppbyggilegt og gott. Í gildunum fjórum birtast líka ákveðnar andstæður, það er togstreita á milli þeirra.

3.1.1 Frelsi

Frelsi er gildi sem Íslendingar meta mikils, þeir vilja vera frjálsir og sjálfstæðir. Hver einstaklingur á að fá tækifæri til að skapa sjálfan sig og birta sjálfan sig á þann hátt sem hann hefur þörf fyrir. Nemendur og starfsmenn Garðaskóla vilja fá tækifæri til að gera það sem finnst skemmtilegast. Þegar fólk hefur frelsi í störfum sínum hér í skólanum og fær að velja sína leið sjálft þá líður því best, afköstin verða mest og sköpunin nær hámarki.

En frelsi er aldrei ótakmarkað. Ótakmarkað frelsi er hömluleysi og í slíku ástandi líður öllum illa.

3.1.2 Ábyrgð

Ábyrgðin felur í sér nauðsynlegt taumhald á frelsinu. Þegar fólk gengur frjálst til verka ber það líka ábyrgð á þeim. Í Garðaskóla afsökum við ekki framkomu okkar, við erum stolt af verkum okkar, við kennum ekki öðrum um það sem fer úrskaiðis og við forðumst ekki áskoranir. Við stöndum með sjálfum okkur sem ábyrgir einstaklingar.

Frelsið og ábyrgðin togast á. Í Garðaskóla eru ekki mörg skilti á veggjum sem segja okkur fyrir verkum. Við höfum oftast nær frelsi til að ákveða sjálf hvort við göngum frá diskunum okkar eftir matinn og ábyrgir einstaklingar ákveða að sleppa því ekki. Ábyrgir einstaklingar taka ákvarðanir með heildina í huga og sjá sjálfa sig sem mikilvægan hluta af þessari heild. Frelsið gefur okkur vellíðan og gleði en ábyrgðin gerir okkur mikilvæg.

Það er mjög mikilvæg að hver og einn finni að hann er mikilvægur. Ábyrgðin á ekki bara við hér í skólanum, í matsalnum og kennslustofunni. Hún er grundvallaratriði heima hjá okkur og úti að borða með vinunum. Á hverju augnabliki ber hvert okkar ábyrgð á sjálfu sér, það er í okkar höndum að gera líf okkar stöðugt betra.

3.1.3 Vellíðan

Þegar frelsið og ábyrgðin eru í góðu jafnvægi gengur lífið vel. Einstaklingurinn er sáttur í verkefnum sínum og nýtur ávaxtanna af þeim. Þetta jafnvægi milli frelsis og ábyrgðar gefur góðan grundvöll til að standa á, jafnvægið gefur okkur vellíðan.

Vellíðan nemenda og starfsfólks Garðaskóla er víðtækt verkefni. Við viljum að vellíðan varði jafnt líkamlega þætti, andlega og félagslega. Samstarf skólans við félagsmiðstöðina Garðalund er mikilvægt í þessu sambandi. Heilsuefning skólans snertir á öllum þessum þáttum og allir starfsmenn koma að því verkefni að tryggja alhliða vellíðan nemenda skólans. Hreyfing er byggð inn í hvern skóladag og vel er fylgst með félagslegri stöðu hvers nemanda. Húsnæðið þarf að vera gott til náms og starfa, starfsfólk þarf að hlusta á nemendur og koma málum þeirra í farveg eftir þörfum. Nemendaverndarráð fylgist vel með þeim málum sem upp kunna að koma hjá nemendum skólans og virkjar net sérfræðinga til að leysa þau eins og hentar í hverju tilviki.

3.1.4 Árangur

Þegar fólk líður vel getur það náð hámarks árangri. Þetta á jafnt við um nemendur sem starfsfólk Garðaskóla. Í skólanum er stefnt að árangri á fjölbreyttum sviðum: í námi, félagslífi og eflingu sterkrar sjálfsmyndar hvers og eins. Fagkennarar skólans stýra námi og kennslu í samræmi við kröfur Aðalnámskrár og í takti við þarfir nemenda. Gæðanefnd skólans nýtir kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með viðhorfum nemenda, forráðamanna og starfsmanna til fjölbreyttra atriða í daglegu skólastarfi. Áherslur hvers skólaárs eru settar með tilliti til niðurstaðna kannana og í samræmi við heildarstefnu skólans.

3.2 Skólabragur

Skólabragur grunnskóla á samkvæmt Aðalnámskrá að markast af „góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum“⁴. Til að byggja upp sterka einstaklinga sem eiga góð og uppbyggileg samskipti í daglegu starfi nýta starfsmenn Garðaskóla Uppbyggingarstefnuna sem hugmyndafræðilegan grunn og tækjabanka. Skólareglur, samskiptamynstur og vinnuferli í agamálum taka mið af uppbyggingarstefnunni og er lýst nánar í köflunum hér á eftir. Á vef skólans er einnig kaflinn [Samskipti og skólaandi](#) sem geymir ítarlegri vinnureglu skólans.

⁴ Aðalnámskrá grunnskóla. (2011/2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Bls. 45.

3.2.1 Uppbyggingarstefnan: Samskipti og skólaandi

Í Garðaskóla er áhersla lögð á að byggja upp sterka einstaklinga og jákvæð samskipti þannig að daglegt samstarf gangi vel og andi innan skólans sé góður. Til að vinna þetta vel styðjast starfsmenn við hugmyndafræði og aðferðir uppbyggingarstefnunnar sem í mörgum íslenskum skólum er kölluð *uppeldi til ábyrgðar*. Stefnan í Garðaskóla er að vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, reiðubúnir að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun. Til þess að það takist er ávallt reynt að velja mildustu, fljótlegustu og árangursríkustu leiðina til lausnar á samskiptavanda.

Þeir sem starfa í Garðaskóla eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um alla: nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans. Við gerum ráð fyrir að fólk geti gert mistök og gefum tækifæri til að leiðrétta þau. Besta leiðin til að vinna úr málum sem koma upp er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa, gera áætlun um að leiðrétta þau og koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Þegar nemandi áttar sig á að honum hafi orðið á mistök í hegðun eða samskiptum gefst honum tækifæri á að vinna á jákvæðan hátt úr sínum málum og snúa sterkari aftur til starfa sinna í sátt við samstarfsmenn sína.

Í Garðaskóla leggjum við áherslu á að allir aðilar þekki hlutverk sín og virði verksvið annarra. Starfsmenn skilgreina skýrar marklínur milli eðlilegrar og ásættanlegrar hegðunar annars vegar og óásættanlegrar hegðunar hins vegar. Ef hegðun nemanda fer út fyrir marklínur með því að brjóta skólareglur, hann sýni ósæmilega framkomu eða valdi öðrum ónæði eða truflun ber öllum starfsmönnum að leitast við að leysa málið strax og bjóða nemandanum tækifæri til að leiðrétta hegðun sína. Það sama á við hvort sem atvik á sér stað í kennslustund, á göngum skólans eða í félagsmiðstöð. Ef nemandur geta eða vilja ekki velja árangursríka leið út úr aðstæðunum er honum vísað í viðtal hjá deildarstjóra sem vinnur málið áfram.

Nemendum sem þarfnast stöðugs aðhalds er í samráði við forráðamenn gert að vera með aðhaldsblað í ákveðinn tíma. Fagkennarar færa inn á blaðið upplýsingar um frammistöðu nemandans í hverri kennslustund og síðan skilar nemandinn blaðinu til umsjónarkennara eða deildarstjóra í lok hvers skóladags. Ef vel tekst til og nemandinn sýnir bættu hegðun þá þarf hann einungis að vera með aðhaldsblaðið í stuttan tíma. Leysist mál nemanda ekki á þennan hátt er því vísað til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.

Alvarlegri mál og ítrekuð eru borin undir forráðamenn og í sameiningu er leitað leiða til að fá nemandann til jákvæðara samstarfs. Agamál eru alla jafna leyst í samvinnu foreldra, nemenda og starfsfólks skólans. Deildarstjóri í samráði við umsjónarkennara metur hvort skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri kemur að málinu. Ef ekki reynist hægt að leysa vandamál innan skólans er leitað annarra leiða í samvinnu við Skóladeild Garðabæjar, barnaverndaryfirvöld, heilsugæslu eða aðra samstarfsaðila skólans.

3.2.2 Skólareglur

Skólareglur Garðaskóla voru endurskoðaðar vorið 2012 og samþykktar í eftirfarandi mynd á opnum fundi skólaráðs 27. apríl 2012:

SKÓLAREGLUR GARÐASKÓLA

Við göngum snyrtilega um og stuðlum að sjálfbærni í skólanum okkar

- Við göngum frá matarleifum, umbúðum og öðru rusli á viðeigandi hátt. Við neytum matar og drykkjar aðeins á neðri hæð aðalbyggingar. Á göngum efri hæðar aðalbyggingar er vinnuáðstaða. Matur og drykkur er ekki leyfður í tölvustofum.

Við klæðumst hvorki yfirhöfnum né útiskóm í kennslustofum

- Við geymum hlífðarfatnað og skó í nemendaskápum. Þeir sem geyma skófatnað í skóhillum í anddyrum gera það á eigin ábyrgð. Við notum inniskó – það verndar fætur (og sokka) og ver okkur gegn gólfkulda.

Við sýnum ábyrgð við notkun snjalltækja og leggjum þau til hliðar við upphaf kennslustunda

- Snjalltæki má nota á göngum skólans og skólalóð. Í kennslustundum stýrir kennari notkun snjalltækja þannig að þau þjóni náminu. Í prófreglum skólans kemur skýrt fram að snjalltæki nemenda eru aldrei leyfð í prófstofu. Ströng viðurlög gilda um brot á reglu um notkun snjalltækja í prófum.

Við mætum stundvíslega í skólann og stundum nám af kappi í kennslustundum

- Ein meginforsenda árangurs í námi er áhugi og ástundun. Góð ástundun er ávisun á að nemandi nái sínu besta úr skólagöngu sinni. Stundvísi er dygð sem leiðir til farsældar í námi og starfi.

Við ástundum heilbrigðar lífsvenjur, snæðum holla fæðu og hreyfum okkur reglulega

- Garðaskóli er heilsueflandi skóli sem styður nemendur til heilbrigðra lífs- og neysluháttanna. Við höfnum neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.

Við berum ábyrgð á eigin hegðun og framkomu

- Í Garðaskóla njótum við frelsis til athafna sem ekki skaða okkur sjálf né samferðamenn okkar. Við temjum okkur ábyrgðarfulla hegðun þar sem við rækjum skyldur okkar og temjum okkur sjálfstjórn.

Við brotum á skólaeðlum eru viðurlög

- Á heimasíðu skólans er kaflinn [Samskipti og skólaandi](#) sem geymir lýsingar á ásættanlegri og óásættanlegri hegðun og þeim mörkum sem þar liggja á milli. Þegar nemandi fer út fyrir ásættanleg mörk í hegðun taka við vel skilgreind viðbrögð og afleiðingar sem í öllum tilvikum beinast að því að nemandi nái aftur stjórn á eigin hegðun og geri áætlun um hvernig hann nái því markmiði. Í öllum tilvikum eru agabrot unnin í samvinnu nemanda, foreldra og starfsmanna skólans.

Skólaeðlur þessar voru endurskoðaðar og samþykktar á fundi skólaráðs Garðaskóla 25. apríl 2016. Nánari útlistun á skólabrag og vinnubrögðum er að finna á vefnum [Samskipti og skólaandi](#).

Skólastjóri

3.2.3 Skólasókn og ástundun

Í Garðaskóla stefnum við að því að nemendur öðlist sjálfstjórn, sjálfstraust og sjálfsvirðingu. Stundvísi, góð skólasókn og ástundun náms er góður mælikvarði á árangur í þeim efnum auk þess að stuðla að sem bestum námsárangri.

Ákvæði grunnskólalaga um skólasókn eru skýr: Nemendur skulu mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Utanumhald um skólasókn nemenda og viðbrögð skólans í þeim efnum eru í samræmi við viðmið og tilmæli í Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011. Í Garðaskóla er lögð áhersla á að skólasókn og ástundun sé skráð samdægurs og að foreldrar fylgist vel með stöðunni hjá sínum unglingi. Gott aðhald varðandi skólasókn tryggir öruggan ramma utan um dagleg störf nemenda og er mikilvægt samstarfsverkefni heimilis og skóla:



3.2.3.1 Skráningar á viðveru og ástundun náms

Skólasókn nemenda er skráð daglega í Innu. Bæði nemendur og forráðamenn hafa aðgang að Innu og mikilvægt er að forráðamenn fylgist vel með skráningu þar. Í Garðaskóla er horft á viðveru nemenda til að fylgjast með skólasókn þeirra og fara umsjónarkennarar vikulega yfir stöðu mála.

Fagkennarar fylgjast með ástundun og hegðun nemenda og skrá ákveðin atriði í Innu eftir hverja kennslustund. Öll fjarvera frá skóla lækkar vikulegt viðveruhlutfall (raunmæting, skráð sem prósentutala) nemanda. Ef lögmætar skýringar liggja að baki fjarverunni þá telst hún ekki til lækkunar á skólasóknareinkunn. Þau atriði sem kennarar merkja við hjá nemendum eru:

Tegund fjarveru	Telur til lækkunar á raunmætingu	Fjarvistarstig til lækkunar á skólasóknareinkunn
Seint	0,33 tími	0,33 stig
Veikindi	1 tími	0
Leyfi	1 tími	0
Ólögmæt fjarvera	1 tími	1 stig
Án íþróttafatnaðar	0,33 tími	0,33 stig
Vottorð í íþróttum	1 tími	0
Miði fyrir íþróttir	0,33 tími	0
Miði fyrir sund	0,33 tími	0
Vísað úr kennslustund	1 tími	1 stig
Viðtal utan kennslustundar	0 tími	0
Ferð á vegum skóla	0 tími	0
Félagsmálastörf	0 tími	0

Skólasóknareinkunn er gefin við lok skólaárs og birt á vitnisburðarspaldi:

Fjöldi fjarvistastiga	Skólasóknareinkunn að vori
-----------------------	----------------------------

0-2 fjarvistarstig	A
2,1-10 fjarvistastig	B
10,1-14 fjarvistastig	C
>14,1 fjarvistastig	D

Nemendur eiga að sækja allar kennslustundir stundvíslega. Nemendur sem ítrekað koma of seint eiga von á að verða kallaðir í viðtal til umsjónarkennara og/eða deildarstjóra.

Nemendur sem þurfa að yfirgefa skólann á miðjum degi vegna veikinda eiga láta vita af sér á skrifstofu skólans. Forráðamenn eru ávallt látnir vita þegar nemandi fer heim á miðjum skóladegi.

Fjarvist án skýringar er skráð ólögmæt. Á föstudögum sendir skrifstofa skólans forráðamönnum yfirlit um ástundun úr Innu. Ef gera þarf athugasemd eða leiðréttingu á forráðamaður að senda skýringar á skrifstofu skólans í upphafi næstu viku. Ástundunarskráningu er ekki breytt nema um villur sé að ræða. Einungis starfsfólk skrifstofu og skólastjórnendur geta og mega leiðrétta skráningu á skólasókn nemenda. Skýringar sem berast eftir að leiðréttingartímabili er lokað (að hámarki 8 dögum eftir tilvik) eru skráðar við ástundunarskráningu en skráningunni sjálfri er ekki breytt.

- **Forráðamanni ber að tilkynna veikindi samdægurs.** Forráðamenn skrá veikindi samdægurs beint í Innu. Veikindi sem vara í meira en einn dag ber að skrá á hverjum degi. Ef um langvarandi veikindi er að ræða þarf að framvísa læknisvottorði.
- **Leyfisbeiðnir.** Skólinn mælist til þess að forráðamenn haldi leyfisbeiðnum fyrir nemendur í lágmarki til að tryggja samfellda skólagöngu og lágmarka álag á námsferlinum. Leyfi þurfa aðstandendur að sækja um fyrirfram og gera það í Innu. Leiðbeiningar um skráningu í Innu eru aðgengilegar á vef skólans: <http://gardaskoli.is/hagnytt/inna/leidbeiningar-fyrir-innu/>.
 - **Skammtímaleyfi (stakar kennslustundir og allt að 2 dagar):** Sótt um fyrirfram í Innu, samþykkt af skrifstofu skólans. Þetta eru til dæmis heimsóknir til lækna á skólatíma.
 - **Langtímaleyfi (leyfi í 3 daga eða lengur):** Sótt um fyrirfram í Innu, samþykkt af aðstoðarskólastjóra.

Ef forráðamenn vantar frekari upplýsingar eða aðstoð vegna forfalla nemenda geta þeir hringt í skrifstofu skólans í síma 590 2500 eða sent skrifstofunni tölvupóst (gardaskoli@gardaskoli.is).

3.2.3.2 Ef skólasókn er ábótavant

Umsjónarkennari ræðir viðveru, ástundun og merkingar í Innu við umsjónarnemendur sína í umsjónartímum. Forráðamenn fá send vikuleg ástundunaryfirlit og bera ábyrgð á því að fylgjast með viðveru.

- Þegar nemandi er kominn með **10,1 stig** (C í einkunn) hefur umsjónarkennari samband við forráðamenn og upplýsir þá um stöðu mála og leggur áherslu á að mæting verði að batna. Ef samtal heim dugur ekki til að bæta viðveru fer eftirfarandi ferli í gang:
- Þegar nemandi er kominn með meira en **14 stig**, er hann kominn með einkunnina D í mætingu. Umsjónarkennari vísar málinu til deildarstjóra nemendamála.
- Þegar máli hefur verið vísað til deildarstjóra sendir deildarstjóri tilkynningu til foreldra í pósti og boðar til fundar með forráðamönnum þar sem farið er yfir viðveru nemandans, skýringa leitað og reynt að finna leiðir til þess að bæta mætingu nemandans.
- Ef ekki verða úrbætur á viðveru eftir þetta samtal og punktafjöldinn fer yfir **25 stig** skal málið tekið upp í nemendaverndarráði skólans.

- Fari nemandi yfir **30 fjarvistarstig** telst það alvarlegur misbrestur á skólasókn og skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 19. grein, skal nemandinn tilkynntur fræðslu- og barnaverndaryfirvöldum. Ef engar lausnir finnast getur skólastjóri vísað nemandanum frá skólanum og er annarra skólaúrræða þá leitað í samráði við skóladeild og barnaverndaryfirvöld.

Nemendum sem sýna vilja til þess að bæta mætingu má bjóða skólasóknarsamning, en í honum felst að nemandi sem bætir mætingu sína verulega og bætir ekki við sig fleiri fjarvistarstigum eftir að samningur er gerður (lágmark 6 vikum fyrir skólalok) getur hækkað einkunn sína um eina einkunn, úr D í C eða úr C í B.

Hjá nemendum sem eru með **raunmætingu** undir 85% hefur deildarstjóri samband við forráðamenn og kannar líðan og velferð þeirra nemenda.

3.2.3.3 Ástundun og hegðun

Auk upplýsinga um viðveru og skólasókn eru í Innu skráðar bæði jákvæðar og neikvæðar umsagnir til að lýsa ástundun náms og hegðun nemenda í daglegu starfi. Þessar umsagnir eru notaðar til að fylgjast með vinnubrögðum og hegðun og ræddar við nemendur og foreldra þegar tilefni er til. Umsjónarkennarar fylgjast með stöðu nemenda og ræða við þá í umsjónartímum og við forráðamenn eftir þörfum.

Umsagnir sem lýsa vinnubrögðum, ástundun og hegðun nemenda í daglegu starfi eru bæði jákvæðar og neikvæðar. Þessi atriði eru ekki metin til einkunnar við lok skólaárs en liggja til grundvallar í samskiptum skólans við nemendur og forráðamenn og eru rædd þegar tilefni er til. Eftirfarandi umsagnir má finna í Innu í Garðaskóla, til viðbótar við skráningu um skólasókn:

- Góð frammistaða í kennslustund
- Vanvirkni í kennslustund
- Í framför
- Ábótavant
- Án heimavinnu
- Verkefni ekki skilað
- Án námsgagna
- Óheimil notkun síma/raftækja
- Truflun í kennslustund
- Án yndislestrarbókar

3.2.4 Umgengni

Daglega starfa í Garðaskóla um 700 einstaklingar. Mikilvægt er að allir gangi vel um húsnæði og tæki skólans. Skólabragur á að einkennast af tillitssemi og kurteisi, á göngum og í kennslustofum á að vera friður og ró. Starfsmenn og nemendur umgangast hverjir aðra af virðingu þannig að öllum geti liðið vel í skólanum. Ætlast er til þess að nemendur og kennarar skilji vel við kennslustofur og vinnustöðvar í skólanum: slökkvi ljós, gangi frá rusli og raði borðum og stólum.

Í skólanum er ekki gengið á útiskóm innandyra né í yfirhöfnum. Við hvetjum nemendur til að nota inniskó í húsnæði skólans. Allir nemendur í Garðaskóla fá afnot af skáp með talnalás til að geyma fatnað, skólatöskur, bækur og námsgögn sem ekki er verið að nota. Nemendur bera ábyrgð á þeim skáp sem þeir hafa til afnota og skila honum hreinum og snyrtilegum að vori. Skápar eiga alltaf að vera lokaðir og læstir þegar nemandi er ekki að ná í eða setja hluti í skápinn. Nemendur eiga ekki að skilja

skólatöskur og önnur verðmæti eftir í skólastofum eða á göngum skólans, slíkt á að geymast í nemendaskáp.

Sérstök áhersla er lögð á góða umgengni í mötuneyti nemenda og að hver og einn gangi vel frá eftir sig. Nemendur eiga eingöngu að matast á göngum neðri hæðar og í blómaskála og gryfju þar sem áhöld og húsgögn eru til staðar. Nemendur eiga að ganga frá matarleifum og umbúðum í þar til gerðar ruslafötur að lokinni máltíð. Skilagjaldskyldum umbúðum skal henda í þar til gerðan gám í matsalnum. Markmið okkar er að skólinn sé ávallt snyrtilegur og þægilegur íverustaður.

Í starfi Garðalundar eru gerðar undanþágur varðandi klæðnað og skófatnað í húsnæði skólans.

3.3 Uppeldis- og kennslufræðileg stefna

Garðaskóli skapar hverjum nemanda námsumhverfi sem hentar honum. Leitast er við að koma til móts við óskir og þarfir nemenda eins og mögulegt er með hópakerfi, námsveri og fjölbreyttu vali. Við leggjum áherslu á að gera nemendum kleift að stunda nám á framhaldsskólastigi og flýta þar með för þeirra sem það kjósa í gegnum skólakerfið. Teymi umsjónarkennara, deildarstjóra, námsráðgjafa og sérkennara sníður lausnir fyrir einstaklinga svo að allir nemendur fái tækifæri að glíma við krefjandi verkefni í umhverfi þar sem þeim líður vel. Námsverið gegnir lykilhlutverki í sérkennslu skólans, bæði fyrir getulitla og getumikla nemendur. Þar fá nemendur aðstoð með ákveðin verkefni til lengri eða skemmri tíma. Við leggjum áherslu á að nemendur sækji sjálfir um stuðning og fái þá aðstoð sem þeir óska eftir og hafa þörf fyrir.

3.3.2 Umsjón

Umsjónartímar eru einu sinni í viku og nýta umsjónarkennarar þá tíma í ýmis konar hópefli og utanumhald með nemendahópnum. Einnig eru tímarnir nýttir til að sinna ýmsum verkefnum frá skólastjórnendum sem varðar skólabrag og fleira.

3.3.2 Fagdeildir

Skólinn státar af öflugri fagkennslu á öllum námssviðum: fræðigreinum, íþróttum, list- og verkgreinum. Fagstjórar halda utan um starfið í stærstu námsgreinum og stýra hópum fagkennara. Fagkennslan byggist á mikilli samvinnu hjá viðkomandi fagkennurum. Fagteymin fylgjast vel með þróun námskrár og straumum og stefnum í kennslufræði námsgreinarinnar. Við leggjum áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, hæfnimiðað nám þar sem námsmarkmið eru sýnileg nemendum og að nemendur séu hvattir áfram til að ná árangri í náminu.

Við leggjum áherslu á að kennslustofur séu vel búnar til faggreinakennslu. Allir kennarar hafa fartölvu til afnota og í stofum eru skjávarpar og hátalarar staðalbúnaður. Hver fagdeild útbýr kennslustofur eins og fagið þarfnast. Í samstarfi við Eignasjóð Garðabæjar gerir skólinn áætlun um viðhald, breytingar og endurnýjun tækjakosts nokkur ár fram í tímann.

Skipulag náms í fagdeildunum er skýrt í megindráttum [framar í skólanámskránni](#).

3.3.3 Námsverið

Samkvæmt Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 á skólinn „að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“ Í reglugerð um nemendur með sérþarfi nr. 585/2010 er áréttað að allir nemendur eigi að fá „jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra.“

Stuðningur og sérkennsla eru ætluð þeim sem þurfa meiri hjálp við nám sitt en kennarar geta veitt í almennum kennslustundum. Námsver Garðaskóla gegnir lykilhlutverki í stuðningi og sérkennslu skólans, bæði fyrir getulitla og getumikla nemendur. Í námsveri fá nemendur aðstoð til lengri eða skemmri tíma og er hún sniðin að þörfum hvers og eins á því sviði sem þörf er á. Í Garðaskóla er að jafnaði ekki gerð krafa um að nemandi hafi greiningu á námsvanda til að hann fái sérþjónustu. Ef nemandi hefur þörf fyrir sérþjónustu þá leggur starfsfólk skólans sig fram um að mæta henni. Skólinn leggur höfuðáherslu á að stundaskrá nemenda sé miðuð að þörfum og óskum hvers nemenda þannig að hann geti staðið undir þeirri ábyrgð sem henni fylgir.

Stuðningur og sérkennsla fer fram í námsveri Garðaskóla og stýrir deildarstjóri námsvers starfsemi þess. Í námsveri starfa kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar og aðrir sérfræðingar eftir þörfum hverju sinni. Starfsfólk námsvers er ávallt í nánú samstarfi við deildarstjóra nemendamála og náms- og starfsráðgjafa skólans. Kennsla í námsveri fer fram inni í bekkjum, í litlum hópum og einstaklingslega, allt eftir þörfum og aðstæðum. Fjöldi tíma sem nemendur sækja er mjög mismunandi. Hjarta námsversins slær í stuðningstímum sem nemendur geta sjálfir sótt um til viðbótar við fasta tíma í stundaskrá. Í námsveri hittast nemendur úr ýmsum áttum og þar finna nemendur vel að þeir fá stuðning þar sem þeir þurfa á honum að halda. Mikil áhersla er lögð á að námsverið haldi áfram að þróast og styrkja stöðu sína sem lykilþáttur í starfsemi skólans.

Í 8. bekk Garðaskóla er hefðbundið bekkjarskipulag. Stuðningur og sérkennsla er því skipulagt inn í bekkina og þá er áherslan lögð á ensku, íslensku og stærðfræði. Hluti af þessum stuðningi er veittur inni í bekkjunum en í ákveðnum kennslustundum eru litlir hópar nemenda með vel skilgreinda sérkennsluþörf teknir út úr bekkjunum. Nemendur 8. bekkjar hafa þétt setna stundatöflu og eru yfirleitt með samfelldan skóladag frá 8.10-14.40. Af þessum sökum er ekki hægt að veita þeim aukatíma í stuðning eins og gert er í 9. og 10. bekk nema í undantekningartilfellum.

9. og 10. bekk Garðaskóla er nám skipulagt eins og í áfangaskóla. Áfangakerfið er til orðið svo að sem flestir nemendur fái námsverkefni við sitt hæfi. Það þýðir í reynd að mismiklar kröfur eru um vinnuframleg allt eftir dugnaði og námshæfni nemenda. Þrátt fyrir það eru í öllum hópum einhverjir sem eiga erfiðast með að tileinka sér það sem fyrir þá er lagt. Þeir geta fengið stuðning við nám sitt í stærðfræði, íslensku og ensku í námsveri skólans. Þetta þýðir að nemendur í stuðningstímum í námsverinu eru úr flestum „ferðum“ skólans og þar er því námslega blandaður hópur.

Í ákveðnum tilvikum eru myndaðir námsversbekkir. Þetta eru litlir hópar nemenda sem þurfa mikinn og sértækan stuðning í skólanum. Námsversbekkur fær kennslu í kjarnagreinum í námsverinu en nemendur sækja valgreinar, íþróttir og verklegar greinar í almenna hópakerfi skólans. Auk þess er sérfræðiráðgjöf veitt í námsverinu og byggð inn í stundatöflu viðkomandi nemenda.

Á hverjum vetri sækja yfir 30% nemenda Garðaskóla þjónustu af einhverju tagi í námsverinu. Nánari upplýsingar um þjónustu námsversins má nálgast hjá deildarstjóra námsvers og á [vef skólans](#).

3.3.4 Bráðgerir unglingar

Í Garðaskóla eru fjölmörg úrræði og tækifæri í boði fyrir bráðgera unglunga.

Í ferðakerfi skólans eru bóklegar námsleiðir fyrir nemendur sem eru tilbúnir til að takast á við nám á framhaldsskólastigi í kjarnagreinum á meðan þeir stunda enn nám í grunnskólanum. Í þessum greinum eru getuskiptir hópar og nemendur með mikla getu í hverri grein geta lokið grunnskólaprófi við lok 9. bekkjar og taka nám á 2. þrepi framhaldsskólans í 10. bekk.

Auk þeirra framhaldsskólaáfanga sem kenndir eru í Garðaskóla geta nemendur tekið aðra áfanga í fjarnámi við framhaldsskóla og fengið þá metna inn í námsferilinn í Garðaskóla.

Á þemadögum (til dæmis Gagn og gaman dögum, Jafnréttisþingi, Heilsudögum og Listadögum) gefst nemendum tækifæri til að vinna verkefni á sínum áhugasviðum. Nemendur eru hvattir til að búa sjálfir til hópa, og hefur það oft gefið góða raun. Þannig hafa nemendur stýrt pop quiz hópum á jafnréttisþingi, keppnum milli starfsmanna og nemenda á heilsudögum og tölvuleikja/forritunarhópum á Gagn og gaman dögum. Með þessu fá bráðgerir nemendur tækifæri til að sýna frumkvæði og leiða aðra með sér í frumlegum og skapandi verkefnum í skólanum.

Bráðgerir nemendur eru virkjaðir í nefndum skólans, nemendaráði, félagsmálavali, skólaráði o.fl. Starfsfólk skóla og félagsmiðstöðvar leggur sig fram um að virkja sérstaka hæfileika og áhuga nemenda.

3.3.5 Valgreinar

Fjöldi valgreina er í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Tilgangurinn með valgreinakerfinu er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa. Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju en sérstök áhersla er lögð á greinar á sviði íþróttta, list- og verkgreina. Í samstarfi við bæjaryfirvöld kannar skólinn möguleikann á að setja á stofn starfs- og verknámsbraut sem gæfi nemendum enn betri möguleika á að finna sér nám við hæfi innan skólans.

3.3.6 Undanþágur frá námi og/eða skólasókn

Í 8., 9. og 10. bekk mega námsgreinar vera að hluta til frjálst val nemenda. Verja má allt að þriðjung náms tímans í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla. Forráðamaður getur kært synjun um mat á námi til skólanefndar. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þrátt fyrir að námið njóti viðurkenningar í stað skyldnámsgreina.

Forráðamenn geta, ef rík ástæða er til, sótt um undanþágu frá tímasókn í grunnskóla eða námi í einstökum greinum. Slíkar undanþágur eru veittar í samræmi við ákvæði í 16. kafla Aðalnámskrár grunnskóla. Beiðnir um undanþágur þurfa að vera vel rökstuddar, skriflegar og undirritaðar af forráðamönnum. Eyðublöð vegna umsókna um undanþágur má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/eydublod/>.

Vinnuferill Garðaskóla vegna afgreiðslu umsókna um undanþágur frá námi og/eða skólasókn:

- Beiðni um undanþágu og/eða mat á námi utan skólatíma skal berast skriflega á þar til gerðu eyðublaði. Ef sótt er um að fá nám utan Garðaskóla metið sem valgrein þarf umsókn að fylgja skrifleg staðfesting frá þeim aðila þar sem námið er stundað. Hægt er að skila umsókninni inn samhliða vali nemanda á öðrum valgreinum og er slíkur kostur kynntur á valblaði nemenda. Einnig má skila umsóknum inn við upphaf skólastarfs að hausti.
- Sé nám/starf utan skóla metið sem valgrein er tafla nemanda skert að hámarki 2 kennslustundum jafnvel þótt nám utan skóla taki lengri tíma.
- Undanþágur eru ávallt tímabundnar og þarf því að endurnýja ár hvert í þeim tilfellum þar sem það á við.
- Ef nemandi hættir í námi/starfi utan valgreina skal skóla gert viðvart og í samráði við forráðamenn verði staða nemandi metin, hvort hann fái afslátt frá skólaskyldu eða hefji nám í annarri valgrein innan skóla (svo fremi að laus séu pláss í valgreinum innan skóla).
- Deildarstjórar taka við umsóknum um undanþágur og upplýsa nemendur um verklag. Aðstoðarskólastjóri metur, í samráði við deildarstjóra hvort umsóknir séu samþykktar. Þegar

umsókn hefur verið samþykkt ganga deildarstjórar frá breytingunni í stundatöflu viðkomandi nemanda og skrá frágang málsins í Innu. Haldið er utan um allar skráðar umsóknir á skrifstofu skólans.

3.3.7 Uppbrot

Hefðbundið skólastarf er reglulega brotið upp og er þá unnið sérstaklega með grunnþætti menntunar. Á *gagn og gaman dögum* að hausti er sérstök áhersla lögð á sköpun, heilbrigði og velferð. Sköpun er aftur aðal þemað á *listadögum* að vori og heilbrigði og velferð á *heilsudögum* og í ferðalögum á vegum skóla og félagsmiðstöðvar. Auk uppbrotsdaga býður skólinn nemendum upp á leiksýningar og fræðsluerindi af ýmsu tagi til fræðslu jafnt sem skemmtunar.

3.3.8 Heimanám

Í Garðaskóla er lögð áhersla á að heimanám sé hóflegt og þjóni fernum tilgangi:

1. Að nemandinn fái verkefni sem ætlað er að festa námsatriði í minni (upprifjun).
2. Að nemandinn fái verkefni sem undirbúa önnur sem lögð verða fyrir í kennslustund.
3. Að nemandanum sé ætlað að ljúka verkefni sem honum tókst ekki í kennslustund.
4. Að nemandinn fari með verkefni heim til sín til að sýna foreldrum og veita þeim þannig tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna.

Eðlilegt er að skóli og heimili hafi jákvæð samskipti um heimanám og foreldrar ráðgisti við kennara um umfangið – hvort heldur sem þeim finnst það of mikið eða lítið. Kennarar skrá upplýsingar um heimanám og verkefni hvarfar viku daglega á Innu og forráðamenn geta fylgst með skilaboðum jafnóðum. Nemandi ber ábyrgð á eigin námi og að standa skil á þeim þáttum sem teknir eru til námsmats. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og afla þeirra gagna sem þörf er á. Ef nemandi skilar ekki tilteknum þætti til námsmats getur það þýtt að lokamat geri ekki rétta grein fyrir hæfni hans.

Nemendur hafa góða aðstöðu til að sinna heimanámi í húsnæði skólans og margir nemendur í 9. og 10. bekk nýta þær lausu stundir sem eru í stundatöflum (eyður) til að ljúka heimanámi á skólatíma.

3.3.9 Námsækni

Í upphafi skólaárs fá allir nemendur örnámskeið í námsækni sem námsráðgjafar hafa yfirumsjón með. Kennarar í öllum námsgreinum leitast við að kenna nemendum góðar námsaðferðir og vinnubrögð. Samhliða þessu er nauðsynlegt að nemendur skoði og meti reglulega eigin námsaðferðir og námsvenjur. Ef árangur er ekki sem skyldi þarf að leita úrbóta og skilgreina hvað hægt er að bæta. Að breyta og bæta námsvenjum krefst vilja, þjálfunar og tíma. Ef nemendur óska eftir frekari fræðslu eða leiðsögn í námsækni geta þeir leitað til umsjónarkennara, fagkennara eða námsráðgjafa.

Við Garðaskóla starfa tveir náms- og starfsráðgjafar sem eru nemendum til leiðsagnar varðandi nám, samskipti og líðan. Við hvetjum nemendur og foreldra til að leita til þeirra auk kennara og stjórnenda með hvers kyns spurningar um skólann og stöðu nemenda.

3.3.10 Norska – sænska

Samkvæmt grunnskólalögum eiga allir nemendur að stunda nám í einu Norðurlandamáli. Þeir nemendur sem búið hafa í Noregi eða Svíþjóð og hafa tungumál þessara landa vel á valdi sínu geta stundað nám í því máli í stað dönsku. Skóladeild hefur umsjón með skipulagi kennslunnar sem undanfarin ár hefur farið fram á vegum [Tungumálaversins í Laugalækjarskóla](#). Til að sækja um þessa þjónustu leita nemendur og forráðamenn til deildarstjóra.

3.4 Náms- og starfsfræðsla

Í Garðaskóla starfa tveir námsráðgjafar í fullu starfi. Hlutverk þeirra er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, öðru starfsfólki skólans og fagaðilum utan skólans að ýmis konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

- Samvinna milli nemanda og námsráðgjafa er grundvöllur þess að ráðgjöfin nýtist nemandanum
- Aðstoð námsráðgjafa miðar að því að nemandinn læri að taka ákvarðanir sem skipta hann máli
- Nemendur geta leitað til námsráðgjafa að eigin frumkvæði eða beðið umsjónarkennara, stjórnendur eða forráðamenn um að hafa milligöngu um viðtal
- Forráðamenn geta einnig leitað beint til námsráðgjafa

3.5 Félagslíf nemenda

Félagslíf nemenda er samvinnuverkefni starfsfólks skólans, Garðalundar og nemenda sjálfra. Félagsmálaval, nemendaráðgjafar og nemendaráð koma að skipulagi þess.

3.6 Tölvu- og netstefna Garðaskóla

Garðaskóli vinnur markvisst að því að auka þátt upplýsingatækni í skólastarfi og hvetur nemendur til að nýta sér tækjabúnað og þráðlaust net skólans við nám sitt og undirbúning fyrir framtíðina. Til að tryggja öruggt tölvuumhverfi hefur skólinn mótað tölvu- og netstefnu í samráði við Tölvudeild Garðabæjar. Þessi stefna er sett fram með það að markmiði að notendur temji sér góða siði og taki ábyrgð á umgengni og notkun sinni á tækjabúnaði og neti.

Nemendur, foreldrar og starfsmenn fá reglulega fræðslu og forvarnir um ábyrga netnotkun. Af gefnu tilefni er tekið fram að öll notkun og birting á rafrænum miðlum er ábyrgðarhluti og gildir sú ábyrgð hvort sem um er að ræða notkun á neti Garðaskóla, þráðlausu neti Garðabæjar eða persónulegu fjarskiptaneti nemanda.

Nánari upplýsingar um tölvu- og netstefnu skólans má finna á [vefnum](#).

3.7 Skjalastefna og persónuvernd

Garðaskóli starfar í samræmi við Persónuverndarstefnu Garðabæjar sem hægt er að lesa [hér](#).

4. Grunnþættir menntunar

4.1 Læsi

Læsi er hæfni nemenda til að „umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“⁵

Í Garðaskóla er lögð áhersla á að læsi sé þjálfað markvisst í öllum námsgreinum. Próunarverkefnið Læsi til náms hefur verið unnið af kennurum skólans í þeim tilgangi að efla skilning kennara á læsi og hvernig hægt er að vinna að læsi nemenda á fjölbreyttan hátt í öllum námsgreinum. Verkefnið er unnið með ráðgjöfum frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri. Á unglingastiginu er áhersla lögð á:

- að skapa jákvæða lestrarmenningu í skólanum. Daglegur yndislestur gegnir mikilvægu hlutverki í þessu samhengi.
- að tryggja að nemendur með dyslexiu fái viðeigandi greiningu og læri að nýta sér þau úrræði sem nýtast þeim til aukins læsis.
- að efla hugtakaskilning allra nemenda með sérstaka áherslu á þann orðaforða sem notaður er í þeim fræðigreinum sem kenndar eru svo sem eðlisfræði, þjóðfélagsfræði, tölfræði og bókmenntafræði.
- að efla lesskilning allra nemenda með því að vinna á fjölbreyttan hátt með þá margvíslegu texta sem unnið er með í skólanum. Fylgst er með lesskilningi með því að mæla hann hjá öllum nemendum að jafnaði tvisvar á önn.
- að efla samræðufærni nemenda með það að marki að þeir skerpi gagnrýna og skapandi hugsun sína. Skarpari hugsun gerir nemendur færari til að vinna úr þeim textum og upplýsingum sem þeir standa frammi fyrir hverju sinni og er því lykilþáttur læsis.

4.1.1 Mælingar á læsi

Garðaskóli styðst við upplýsingar og greiningar frá öðrum skólum (1.-7. bekk) þegar kemur að sérþörfum og stuðningi vegna lestrarerfiðleika. Deildarstjóri námsvers og deildarstjóri 8. bekkjar sitja fundi hvert vor með starfsmönnum annarra skóla í Garðabæ þar sem farið er yfir stöðu hjá þeim nemendum sem hefja nám í Garðaskóla í 8. bekk.

Grp14, greinandi ritmálspróf (lestrarskimunarpróf), er lagt fyrir alla nemendur í 9. bekk að hausti ár hvert. Þetta próf er lagt fyrir til að leita að lestrarerfiðleikum og er fyrirlögnin unnin af deildarstjóra námsvers sem heldur utan um úrvinnslu og niðurstöður skimunarinnar. Prófið mælir leshraða, lesskilning, stafsetningu og fleiri undirþætti sem eru mikilvægir í lestrarferlinu. Ef nemandi fer undir ákveðin viðmið er haft samband við forráðamenn og boðið upp á frekari greiningu (Logos lestrargreiningu) sem sker úr um hvort nemandinn er lesblindur.

Logos greiningar mæla 15 þætti sem snerta lestur, lesskilning og stafsetningu. Greiningarnar gefa ítarlegar upplýsingar um lestrargetu og eru unnar af deildarstjóra námsvers. Logos greiningum er skilað með skýrslu á skilafundi með nemanda og forráðamönnum. Á fundunum er farið yfir hver staðan er og ef um lestrarerfiðleika er að ræða hvaða leiðir eru færar til að yfirvinna vandann og/eða læra að vinna með hann.

Nemendur í 10. bekk fara í samræmd próf að hausti ár hvert. Í samræmdum prófum er mikil áhersla lögð á lesskilning og ritun. Niðurstöður úr þessum prófum eru skoðaðar m.t.t. námsframvindu og ef niðurstaðan er í ósamræmi við það sem áður var talið eru gerðar ráðstafanir með því að endurskoða

⁵ [Aðalnámskrá grunnskóla. \(2011/2013\)](#), bls. 19. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

hvar nemandinn raðast í ferðir og/eða einstaklingsnámskrár aðlagðar. Þessi eftirfylgni er í höndum íslenskudeildar og ákvarðanir eru teknar í fullu samráði við forráðamenn.

Skipulagðar mælingar á leshraða fara fram samhliða yndislestrinum í umsjón/lífsleikni. Nemendum er kennd einföld aðferð til að mæla leshraða og mælingarnar skráðar í yfirlit hvers nemanda u.þ.b. einu sinni í mánuði.

Lesskilningur er mældur að jafnaði 2x á önn í öllum árgöngum og er það verkefni unnið innan íslenskudeildarinnar. Nýttir eru textar úr gömlum samræmdum prófum til að mæla lesskilning. Það hamlar eftirfylgni með lestrarhraða, hugtakaskilningi og lesskilningi unglinga að stöðluð próf/greiningartæki eru ekki fyrirbyggjandi.

Orðarún er próf til að meta lesskilning og er það lagt fyrir í öllum árgöngum í upphafi skólaárs og aftur í mars/apríl til að fylgjast með framförum. Deildarstjóri námsvers skipuleggur fyrirlögn sem unnin verður í samstarfi við umsjónarkennara.

Orðalykill er nýttur til að mæla orðaforða nemenda í upphafi 8. bekkjar og aftur í mars/apríl til að fá viðmið um framfarir. Deildarstjóri námsvers skipuleggur fyrirlögn sem unnin verður í samstarfi við íslenskudeildina.

Niðurstöðum greiningarprófa er miðlað heim til forráðamanna.

4.1.2 Kennsla og önnur vinna innan skólans sem miðar að eflingu læsis:

Bókasafnskennari fylgist vel með útlánum á bókasafni skólans. Með því fæst mynd af því hvað nemendur kjósa helst að lesa, hvaða nemendur lesa mikið og hverjir lesa lítið. Eins er fylgst með útlánum milli ára.

Yndislestur fer fram í skólanum á hverjum degi og taka allir þátt í honum, nemendur og starfsmenn. Lesið er í 20 mínútur og fer lesturinn fram í öllum námsgreinum en tímasetningin færir til milli vikna. Lesefnið er algjörlega frjálst

Íslenskudeildin vinnur að því að efla ritun í öllum árgöngum. Kennsluaðferðum hefur verið breytt til að auka áhuga nemenda á ritun og virkja þá til að birta eigin hugmyndir og skoðanir með skrifum sínum. Frá hausti 2015 er ritun í 8. og 9. bekk kennd í hálfum hópum á meðan hinn helmingur bekkjarins fær kennslu í tjáningu og samræðu á málfundum og heimspekilegri umræðu.

Skólaárið 2014-2015 hóf Garðaskóli samstarf við Háskólann á Akureyri um þróunarverkefni sem nefnist *Læsi til náms*. Verkefnið felur í sér gagnvirkni og einkennist af lifandi starfsþróun þar sem þátttakendur læra saman á vettvangi. Unnið er með læsi í víðustu merkingu þess orðs, þvert á námsgreinar. Verkefnið hefur fært kennurum viðamikinn gagnagrunn og hefur strax á fyrsta ári haft greinileg áhrif á kennsluaðferðir í bóklegum greinum innan skólans. Nemendur læra að nýta námstæki á borð við hugarkort og venn myndir. Tengsl nemenda við textana sem þeir eru að fást við eru styrkt með því að krefjast þess að þeir spyrji spurninga um þá og finni tengsl textans við eigin skilning.

4.1.3 Samstarf skóla og heimila

Lítil hefð er fyrir samstarfi skóla og heimila varðandi læsi nemenda í Garðaskóla. Vorið 2015 var nýtt fyrirkomulag á yndislestri kynnt til foreldra með póstum heim og fréttum á vef skólans. Foreldrar voru hvattir til að fylgjast með lestri barna sinna og hjálpa þeim að hafa alltaf góða bók til taks í skólatöskunni. Engin gagnvirkni er milli skólans og heimila varðandi lesturinn enda er áhersla lögð á að unglingarnir í Garðaskóla beri ábyrgð á eigin námi. Umsjónarkennarar og deildarstjóri námsvers fylgjast sérstaklega með lestrinum hjá þeim nemendum sem sýna minnstan áhuga í yndislestrinum. Rætt er

við þessa nemendur og þeir hvattir áfram. Með markvissara greiningarferli frá haustinu 2015 er stefnt að því að senda öllum forráðamönnum reglulega upplýsingar um stöðu nemandans í læsi.

Í Garðaskóla hefur ekki verið gerð krafa um heimalestur annan en það heimanám sem sett er fyrir í ýmsum námsgreinum og felur oftast nær í sér lestur. Ekki er fylgst sérstaklega með heimalestri.

4.1.4 Stuðningur við nemendur með lestrarerfiðleika

Nemendum með lestrarerfiðleika stendur eftirfarandi þjónusta til boða í Garðaskóla, öll eða að hluta til, eftir þörfum og vilja hvers nemanda:

- leiðbeiningar um þjónustu Hljóðbókasafns Íslands og aðstoð við að nýta hljóðskrár frá safninu.
- svigrúm og aðstoð til að nýta hljóðskrár í öllum námsgreinum.
- svigrúm og aðstoð til að nýta tölvur til ritunar og ýmis forrit til aðstoðar við lestur og ritun (Foxit reader, Easy Tutor, Ivona o.fl.).
- litaðar glærur til að lesa í gegnum í daglegu starfi og á prófum.
- lengri próftími.
- munnleg próf.
- lesskilningspróf í ensku, dönsku og íslensku eru lesin á hljóðskrár sem nemendur hlusta á með MP3 spilurum.
- nemendum með lestrar- og ritunarerfiðleika gefst kostur á að nýta spjaldtölvur skólans til að skila verkefnum og setja fram hugmyndir sínar.

Deildarstjóri námsvers heldur utan um upplýsingar um nemendur og upplýsir kennara um stöðu og þarfir hvers nemanda. Deildarstjóri fylgist einnig með að kennarar mæti þörfum þeirra nemenda sem þurfa á því að halda og leiðbeinir kennurunum um aðferðir, tæki og leiðir þegar þörf er á því. Umsjónarkennarar eru helsti tengiliður skólans við nemandann og forráðamenn, taka við óskum þeirra og fylgja málum eftir í réttan farveg.

Nemendur í hægferðum þurfa undantekningarlaust á áframhaldandi lestrarþjálfun að halda og því er gagnvirkur lestur þjálfaður markvisst í hægferðum í íslensku í 9. og 10. bekk.

4.2 Sjálfbærni

Hugtakið sjálfbærni snýst um það að ná sátt með tilliti til umhverfis, efnahags og samfélags. Það felur í sér ábyrgðina á því að ganga þannig um auðlindir jarðar að þeim sé skilað í jafn góðu ástandi og hver kynslóð tekur við þeim. Þessa samfélagslegu ábyrgð þarf að útskýra fyrir nemendum og innleiða inn í allar námsgreinar.

Í Garðaskóla er lögð áhersla á að hvetja nemendur til sjálfsábyrgðar og aðgerða sem skipta máli fyrir samfélagið. Kennsluhættir í sjálfbærni miða að því að tendra í hugum nemenda, kynna fyrir þeim ákveðin málefni án þess að lesa yfir þeim, fá þá til að mynda sér skoðanir og virkja til athafna. Í list- og verkgreinum er lögð áhersla á endurnýtingu efnis og í skólanum er rusl flokkað og nýtt eins og kostur er. Þekking á hvaða efni eru skaðleg umhverfinu og hvað hugsanlega gæti komið í staðinn og valdið minni skaða er mikilvægur þáttur í fræðslunni. Sjálfbærni tvinnast inn í allar námsgreinar í formi almennrar fræðslu og í margs konar verkefnavinnu.

Kennarar gæta þess að koma skilaboðum sjálfbærni til nemenda á jákvæðan og hvetjandi hátt. Mikilvægt er að vinna með þann efnivið og nálgun sem helst hreyfir við hverjum og einum eða tengist sannfæringu viðkomandi á einhvern máta. Hughrif kennara smitast út til nemenda. Með fræðslu og verkefnavinnu má ætla að hugmyndafræðin um sjálfbærni seintli hægt og rólega inn í undimeðvitundina og hafi áhrif á hvernig nemendur taka ákvarðanir, umgangast auðlindir og breyta í lífinu. Garðaskóli

miðar að því að nemendur verði upplýstir og ábyrgir framtíðar neytendur. Samfélagið nær ekki árangri nema hver og einn líti í eigin barm og leggi sitt af mörkum, framtíðin er núna. Framlag hvers og eins skiptir miklu máli, umhverfisvitund þarf að vera til staðar á heimilum og í skólaumhverfinu.

Dæmi um verkefni í Garðaskóla þar sem unnið er með grunnþáttinn sjálfbærni:

- List- og verkgreinar
- Samfélagsfræði
- Samræðuþjálfun í 8. og 9. bekk
- Þrif í skólanum – nemendur sýna ábyrga umgengni, þrif umhverfissvæn

4.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings- og umhverfis. Í starfi Garðaskóla viljum við stuðla markvisst að heilbrigði einstaklingsins, velferð hans og vellíðan. Í því samhengi er mikilvægt að leggja ríka áherslu á góðan og jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra. Fræðsla þessu tengt fléttast inn í hefðbundna kennslu, ýmsar áætlanir sem skólinn starfar eftir, utanaðkomandi fræðslu og fjölbreytt verkefni sem unnin eru í skólanum.

4.4 Lýðræði og mannréttindi

Í takt við ákvæði Aðalnámskrár⁶ læra nemendur Garðaskóla um lýðræði með lýðræðislegum verkferlum í lýðræðislegu stjórnskipulagi.

Um fjöllum um tilgang og birtingarmyndir lýðræðis fer fram í samfélagsfræði auk þess sem viðfangsefnið kemur til umfjöllunar í umsjónarkennslu, tungumálakennslu og á fleiri námssviðum. Kennarar á öllum námssviðum eru hvattir til að nýta samræðu sem kennsluaðferð þar sem við á, virkja gagnrýna og skapandi hugsun nemenda og virkja nemendur til að taka ábyrgar og sjálfstæðar ákvarðanir um framvindu í námi þeirra. Með því að byggja lýðræðislega verkferla inn í sem flestar kennslustundir læra nemendur að lifa lýðræði.

Stjórnun skólans byggir á þátttöku allra aðila og kristallast það mynstur í hinu lögbundna Skólaráði⁷ sem skólastjóri kallar til starfa snemma að hausti og hefur lokorðið varðandi allar meiriháttar ákvarðanir innan skólans. Stjórnendur skólans leggja sig fram um að hlusta á raddir starfsmanna, nemenda og foreldra. Þeir nota til þess mælitæki [Skólapúl síns](#) auk óformlegri upplýsingaleiða á borð við rýnivíðtöl við alla bekkjarhópa snemma hvert haust. Innan skólans starfa á hverju ári fjöldi nefnda og ráða til að tryggja að raddir og sjónarmið ólíkra hópa heyrist og til að halda utan um stefnumótun og framkvæmd afmarkaðra verkefna.

Vorið 2011 var í fyrsta sinn haldið skólaþing Garðaskóla og stefna skólans er að halda slíkt þing reglulega. Næsta þing er áætlað á vorönn 2023. Á skólaþingi eru starfsmenn, nemendur og forráðafólk virkjað í umræðuhópa um málefni sem varða starf skólans og nærsamfélagsins. Niðurstöðum skólaþings er miðlað til bæjaryfirvalda, t.d. í tengslum við endurskoðun skólastefnu bæjarins.

Í Garðaskóla er lögð áhersla á að vinna með þeim aðilum í nærsamfélaginu sem stýra sjálfbærniðastarfi og öðrum mannúðarverkefnum. Foreldrar hafa boðið skólanum aðkomu að verkefnum og samstarf er við Rauða krossinn t.d. um kennslu í skyndihjálp og kynningar á hjálparstarfi. Á hverju skólaári er áhersla lögð á að bjóða nemendum að taka þátt í sjálfbærniðastarfi hjá aðilum sem skólinn er í

⁶ Aðalnámskrá grunnskóla. (2011/2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

⁷ Reglugerð 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.

samstarfi við. Sjálfbóðaliðastarf ungmenna felur í sér ólaunað vinnuframlag í þágu samborgara sem ekki eru tengdir sjálfbóðaliðanum fjölskyldu- eða vinaböndum. Þátttaka í sjálfbóðaliðastarfi þjónar þeim tilgangi að nemendur útvíkki reynsluheim sinn og láti gott af sér leiða. Með verkefninu gefst þeim tækifæri til að auka borgaralega þátttöku sína og úrvinnsla á sjálfbóðavinnunni virkjar þá til umhugsunar um stöðu sína og hlutverk í samfélaginu og hvað einkenni hið góða líf. Sjálfbóðaliðastarf er ekki skylda í Garðaskóla en nemendum er gefinn kostur á að skrá sig í þau verkefni sem þeir hafa áhuga á.

Sjálfbóðaliðaverkefni ásamt fræðslu í samfélagsfræði og mannréttindavali skólans eru burðarstólpar í mannréttindafræðslu skólans. Innan skólans er lögð áhersla á gildi fjölbreytileika og að virðing sé lögð til grundvallar öllum samskiptum. [Gildi skólans](#) lýsa þessu viðhorfi og uppbyggingarstefnan felur í sér handhæg tæki sem leiðbeina nemendum og starfsmönnum um jákvæð, lausnamiðuð og uppbyggileg samskipti. Starf nemendaráðgjafa og eineltisteymis miðar sömuleiðis að því að draga fram birtingarmyndir jákvæðs skólabrags.

4.5 Jafnrétti

Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar og horfa ber til þess í víðum skilningi. Í öllu starfi Garðaskóla er unnið að því að allir aðilar skólasamfélagsins njóti mannréttinda og jafnréttis án tillits til fötlunar, kynferðis, kyngervis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Samkvæmt lögum nr. 10/2008 (sjá <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>) um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ber skólanum að setja sér jafnréttisáætlun og flétta jafnréttissjónarmið inn í stefnu starfsfólks hjá sér. Garðabær setur sveitarfélaginu jafnréttisáætlun sem einnig er tekið mið af í starfi Garðaskóla, sjá gildandi stefnu á vef Garðabæjar: <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/stefnur/>. Markmið jafnréttisáætlunar er að tryggja að jafnréttis sé gætt í hvívetna í Garðaskóla. Unnið er að því að nemendur, starfsfólk og aðrir aðilar skólasamfélagsins geti notið sín sem einstaklingar í uppbyggilegu samfélagi. Jafnrétti kynjanna er tekið sérstaklega til skoðunar í áætluninni vegna ákvæða í lögum og vegna þess að hlutverk þeirra mótast ennþá af staðalímyndum sem geta heft sjálfsmynd einstaklinga af öllum kynjum. Í Garðaskóla skal halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í öllu starfi skólans. Markvisst skal unnið að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum skólans en hægt er að kynna sér betur hugtakið á <https://www.jafnretti.is/>. Öll mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og skal vinna á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Ofbeldi eða áreitni, kynbundin og af öðru tagi, er ekki liðin. Með jafnréttisáætlun skólans er unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum staðalmyndum og að vinna gegn neikvæðum viðhorfum til afmarkaðra hópa.

4.5.1 Garðaskóli sem menntastofnun

Á Íslandi er skólaskylda í 1.-10. bekk grunnskólans og öll börn eiga rétt á öruggu námsumhverfi og námi við hæfi. Á grunnskólum hvílir rík skylda að tryggja jafnræði allra nemenda. Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eiga grunnskólar að „vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og ungmennum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.“

Í samræmi við 23. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og jafnréttisáætlun Garðabæjar er stefnt að því í Garðaskóla:

1. Að gæta kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólanum.
2. Að allir nemendur skólans fái fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Sérstök áhersla er lögð á að allir nemendur taki þátt í gagnrýninni umfjöllun um málefnið.

3. Að kennslu- og námsgögn sem nýtt eru í skólanum séu þannig úr garði gerð að kynjum eða minnihlutahópum sé ekki mismunað.
4. Tryggja að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólanum fái piltar og stúlkur óháð kyni fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.
5. Að sjálfstyrking sé sjálfsagður hluti námsins.
6. Að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs.
7. Að styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni.
8. Að skólastjóri geri sérstakar ráðstafanir, í samræmi við 22. grein laga nr. 10/2008, til að koma í vef fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í starfi skólans og félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar.
9. Að skipuleggja félags- og tómstundastarf með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga.

Að auki setur Garðaskóli sér til viðbótar þau markmið:

1. Að tryggja nemendum farveg til að koma áhyggjum sínum vegna mismununar eða fordóma á framfæri.
2. Að styðja við þá nemendur sem vilja takast á við ójafnrétti innan skólans.
3. Að kalla nemendur til þegar jafnréttisáætlun er endurskoðuð á þriggja ára fresti.
4. Að tryggja efnaminni nemendum fjármagn ef þörf er á til að geta tekið þátt í félagslífi unglinga í Garðabæ.
5. Að markvisst sé unnið að forvörnum gegn fordómum, misrétti, áreitni og ofbeldi.
6. Að unnið sé eftir skýrum verkferlum ef upp koma mál vegna áreitni eða ofbeldis sem rekja má til fordóma eða mismununar. Unnið er skv. Áætluninni Velferð barna í Garðabæ: [Verklag um velferð barna | Garðaskóli \(gardaskoli.is\)](#).
7. Að stefna að jafnrétti í foreldrastarfi með því að hvetja til að foreldrar af báðum kynjum taki þátt í foreldraviðtölum og öðru skólastarfi og að foreldrar af báðum kynjum komi að starfi bekkjarfulltrúa.

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið eða farið á svig við reglur skólans skal hann leita til skólastjóra, kennara, námsráðgjafa eða annars starfsfólks sem hann treystir og ber sá starfsmaður þá ábyrgð á að finna málinu farveg

4.5.2 Garðaskóli sem vinnustaður

Stefna starfsfólks í Garðaskóla er skráð í Handbók starfsfólks sem uppfærð er á hverju ári eða eftir þörfum. Stefnan byggir m.a. á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, mannauðsstefnu Garðabæjar og leiðbeiningum frá Vinnueftirliti og stéttarfélögum. Í Handbókinni er vísað til jafnréttisáætlunar skólans og þar eru skráðir verkferlar ef upp koma tilvik um áreitni eða ofbeldi gagnvart starfsmönnum.

Í Garðaskóla er stefnt að eftirfarandi markmiðum í jafnréttismálum:

1. Að starfsfólk Garðaskóla hafi jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í öllu starfi sínu.
2. Að tryggja jafnrétti við ráðningar starfsfólks. Hafa skal öll kyn í huga þegar störf eru auglýst og leitast við að halda hlutfalli kynjanna eins jöfnu og frekast er unnt. Gæta skal jafnréttissjónarmiða til jafns á við önnur sjónarmið við ráðningar í skólanum.
3. Að tryggja launajafnrétti. Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu viðmið við ákvörðun launa vera skýr og öllum ljós. Konum og körlum skulu greidd jöfn

laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns í skólanum.

4. Að tryggja jafnar starfsaðstæður. Innan skólans skal leitast við að gera konum og körlum kleift að samræma sem best starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð s.s. vegna óska um töku fæðingar- og eða foreldraorlofs, eftir því sem starfstími og skipulag kennslu leyfir.
5. Að tryggja konum og körlum jafna möguleika á starfsframa innan skólans. Gæta skal jafnréttissjónarmiða við skiptingu verkefna og deilingu ábyrgðar meðal starfsfólks.
6. Að unnið sé eftir skýrum verkferlum ef upp koma mál vegna áreitni eða ofbeldis sem rekja má til fordóma eða mismununar. Allt starfsfólk á rétt á að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni.
7. Að jafnréttisáætlun taki til starfsfólks og sé nánar útfærð í aðgerðaráætlun og handbók starfsfólks.
8. Að jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í handbók starfsfólks séu endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Stjórnendur Garðaskóla tryggja að unnið sé að þessum markmiðum með eftirfarandi hætti, auk þess sem nánar er tilgreint í aðgerðaráætlun hvers skólaárs:

1. Stjórnendur orða það við starfsfólk Garðaskóla að það sé til fyrirmyndar varðandi jafnrétti.
2. Stjórnendur tryggja að innan skólans starfi jafnréttisnefnd sem fundar eftir þörfum. Markmið nefndarinnar er að viðhalda umræðu um jafnréttismál. Í nefndinni sitja fulltrúar starfsfólks og nemenda. Jafnréttisnefnd skal vinna að því að innan skólans sé talað opinskátt um jafnréttismál og staðalímyndir skoraðar á hólmi í orði og verki.
3. Stjórnendur tryggja að hlutföll kynja séu sem jöfnust í nefndum og ráðum innanskólans. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum skólans skal ávallt gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust. Á þetta bæði við um starfsfólk og nemendur. (Starfsmannafélag, nemendaráð, nemendaráðgjafar, nemendafélag Garðalundar, skólaráð og aðrar nefndir innan skólans).
4. Stjórnendur gæta jafnræðis kynjanna við skipulag á endurmenntun og starfsþróun. Starfsfólki skulu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar, óháð kyni.
5. Stjórnendur tryggja að reglulega séu haldnir fræðslufundir og námskeið fyrir starfsfólk sem snerta jafnréttismál og jafnréttismiðaða kennslu. Sérstaklega skal huga að því að námskeiði B. í áætluninni „Velferð barna og ungmenna í Garðabæ“ sé haldið ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Sjá nánar á vef: <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/>.
6. Stjórnendur kynna reglulega á starfsmannafundum þá verkferla sem unnið er eftir ef upp koma mál sem varða einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni. Stjórnendur tryggja að þessir verkferlar séu virkir og styðji við starfsfólk ef upp koma mál af þessu tagi.
7. Stjórnendur kynna jafnréttisáætlun ásamt aðgerðaráætlun reglulega á starfsmannafundum og virkja starfsfólk í endurskoðun á þessum gögnum á a.m.k. þriggja ára fresti.

Telji starfsmaður að jafnrétti sé brotið í Garðaskóla skal hann leita til trúnaðarmanns, skólastjóra eða mannauðsstjóra Garðabæjar sem í sameiningu finna hverju máli farveg.

4.6 Sköpun

Samkvæmt Aðalnámskrá á sköpun að stuðla að ígrunduðu, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi og að því leiðir að sköpun er órjúfanlegur þáttur í öllu skólastarfi og tengist inn í allar

námsgreinar skólans. Þau einkenni skapandi skólastarfs sem lögð er áhersla á í Garðaskóla eru eftirfarandi:

1. Fjölbreyttir kennsluhættir og vinnubrögð.
2. Samstarf milli greina og aldurshópa.
3. Að nemendur hafi tækifæri á að velja leiðir við verkefnaskil.
4. Að nemendur hafi tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið.
5. Starfsfólk ýtir undir forvitni, spurningar og heilabrot.
6. Verk nemenda eru sýnileg svo að þau geti orðið öðrum nemendum hvatning og tækifæri til að læra af reynslu.
7. Skólinn býður upp á rými til upptöku, yndislesturs, tónlistaræfinga, ígrundunar, samkomuhalds, leiksýninga o.fl.
8. Skólinn kappkostar við að nýta sér nærumhverfi sitt í kennslu.

5. Lykilhæfni

Lykilhæfni er samkvæmt Aðalnámskrá „sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans“.⁸ Lykilhæfni snýr að ábyrgð og sjálfsmynd einstaklingsins, samstarfshæfileikum hans, hugarfærni og hæfileika til að nýta upplýsingar og miðla þeim áfram. Unnið er að því að byggja upp lykilhæfni nemenda á öllum námssviðum í öllum árgöngum Garðaskóla. Til þess að gera markvissa grein fyrir vinnu og árangri nemenda á sviðum lykilhæfni er hverju námssviði gert að meta skipulega ákveðna lykilhæfni á hverju skólaári. Umsjónarkennarar í samráði við fagkennara taka saman stöðuna hjá hverjum nemanda í lok hvers skólaárs og fær nemandinn þá heildareinkunn fyrir hvert svið lykilhæfninnar.

8. BEKKUR	TJÁNING OG MIÐLUN	SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI
ERLEND TUNGUMÁL					
STÆRÐFRÆÐI					
ÍSLENSKA					
LIST- OG VERKGR					
SAMFÉLAGSFRÆÐI					
NÁTTÚRUFRÆÐI					
UPPLÝSINGAMENNT					
ÍÞRÓTTIR OG SUND					

9. BEKKUR	TJÁNING OG MIÐLUN	SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI
ERLEND TUNGUMÁL					
STÆRÐFRÆÐI					
ÍSLENSKA					
SAMFÉLAGSFRÆÐI					
NÁTTÚRUFRÆÐI					
ÍÞRÓTTIR OG SUND					
VALGREINAR	Kennarar í hverri námsgrein velja 2-3 lykilhæfni flokka til að meta í lok annar				

10. BEKKUR	TJÁNING OG MIÐLUN	SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI
ERLEND TUNGUMÁL					
STÆRÐFRÆÐI					
ÍSLENSKA					
SAMFÉLAGSFRÆÐI					
NÁTTÚRUFRÆÐI					
ÍÞRÓTTIR OG SUND					
VALGREINAR	Kennarar í hverri námsgrein velja 2-3 lykilhæfni flokka til að meta í lok annar				

⁸ [Aðalnámskrá grunnskóla. \(2011/2013\)](#). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Bls. 86.

6. Markmið náms

Nám og kennsla eru skipulögð samkvæmt tilmælum Aðalnámskrár og miðar að því að nemendur nái við lok 10. bekkjar þeirri hæfni sem lýst er með [matsviðmiðum námskrárinnar](#)⁹. Námsáætlanir hópa eru samræmdar innan fagdeilda og [birtar á vef skólans](#). Í fjölbreyttum verkefnum vinna nemendur að því að auka þekkingu sína og efla leikni þannig að hæfni þeirra á margvíslegum sviðum aukist dag frá degi. Í nútíma skólastarfi er mikil áhersla lögð á að vinna með fjölbreyttari þætti en bara þekkingu – ætlast er til að skólar kenni nemendum að afla og beita þekkingu og leikni á fjölbreyttan og gagnrýnnan hátt. Markmið náms og viðmið um námsárangur eiga þar að auki að vera sýnileg nemendum á öllum stigum námsins svo þeir geti sjálfir tekið ábyrgð á námsframvindu sinni.

6.1 Námsáætlanir og einstaklingsáætlanir

Í námsáætlunum faghópa er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á árinu og hvernig viðfangsefni þeir glíma við til að ná settum viðmiðum. Námsáætlanir gefa upplýsingar um þá leiðsögn og námsmat sem nemendum er gefið í námsgreininni. Skipulag áætlana tekur ávallt mið af skóladagatali sem nálgast má á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>. Námsáætlanir eru lifandi skjöl og birt með fyrirvara um breytingar. Í þeim má finna nöfn og netföng kennara; samantekt á hvernig unnið er með læsi í greininni; lýsingu á þeirri hæfni á námssviðinu og lykilhæfni sem stefnt er að á tímabilinu; yfirlit um verkefni skólaársins og tímasetningar á skilum nemenda vegna námsmats; nánari lýsingu á námi og kennslu; viðmið um heimanám; og ýmislegt fleira. Námsáætlunin lýsir forsendum námsmats í hverjum námshópi.

Kennarar skrá upplýsingar um heimanám og verkefni hverrar viku á Innu. Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og þurfa að standa skil á þeim þáttum sem teknir eru til námsmats. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og afla þeirra gagna sem þörf er á. Ef nemandi skilar ekki tilteknum þætti til námsmats getur það þýtt að lokamat geri ekki rétta grein fyrir hæfni hans.

Þegar námslegar þarfir einstaklinga víkja verulega frá því sem lýst er í námsáætlunum hópa og árganga er sett saman einstaklingsáætlun fyrir viðkomandi. Slík áætlun er ávallt unnin í samráði við nemandann sjálfan og forráðamenn hans og undirrituð af forráðamönnum. Einstaklingsnámskrá er nauðsynlegt til að skilgreina hvernig viðmið og námsmat er aðlagð að þörfum viðkomandi einstaklings.

6.2 Valgreinar

Snemma á vorönn er nemendum birtur valgreinabæklingur sem kynnir framboð valgreina fyrir næsta skólaár. Umsjónarkennarar fara vel yfir framboð valgreina og fyrirkomulag á umsóknum nemenda um valið. Foreldrum og nemendum er boðið til opinnar kynningar á öllum valgreinum að morgni skóladags.

Þeir nemendur sem stefna á nám í flugferðum í 9. bekk og fjölbrautaáföngum í 10. bekk taka ákvörðun um það samhliða óskum um aðrar valgreinar.

Áhersla er lögð á að nemendur og foreldrar fari vel yfir valkosti og yfirvegi valið sameiginlega. Aftast í valgreinabæklingum er eyðublað sem nemendur nota til að skrá óskir sínar og skal því skilað með undirskrift forráðamanna á tilsettum tíma til Umsjónarkennara eða á skrifstofu skólans.

⁹ Námsmatsvefur Menntamálastofnunar: <http://vefir.nams.is/namsmat/matsvidmid.html>.

7. Námsmat

Námsmat er órjúfanlegur hluti af námi og kennslu¹⁰. Það þjónar þeim tilgangi að gefa nemendum upplýsingar um stöðu sína í náminu og **leiðbeina** þeim um hvernig haldið skal áfram til að auka hæfni enn frekar. Í [námsáætlunum](#) er gerð grein fyrir þeim matstækjum sem nýtt eru til að meta námsframvindu í hverri faggrein. Áhersla er lögð á að samræmi sé í námsmati milli hópa. Frávik frá almennum viðmiðum til námsmats eru skilgreind í einstaklingsnámskrám þar sem það á við.

Námsmat í fjölbrautaáföngum sem kenndir eru í Garðaskóla er frábrugðið námsmati í grunnskólanáminu, enda fylgir það viðmiðum Aðalnámskrá framhaldsskóla¹¹.

7.1 Matsviðmið og einkunnir

Í hverri faggrein eru fjölmörg matsviðmið sem stefnt er að. Í matsviðmiðum fyrir íslensku eru til dæmis viðmið um hæfni í lestri bókmennta sem lýst er svo¹²:

C	B	A
Nemandi getur lesið almenna texta með sæmilegum skilningi og túlkun á efni þeirra að nokkru marki, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér nokkra grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	Nemandi getur lesið almennan texta, og sýnt góðan skilning og túlkað efni hans, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	Nemandi getur lesið af öryggi almennan texta, með mjög góðum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýnninn hátt og gert sér mjög góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum (D, C, C+, B, B+ og A) og hver bókstafur vísar til lýsingar á hæfni nemenda (matsviðmiða):

A	B	C	D
•lýsir framúrskarandi hæfni.	•lýsir góðri hæfni hana og fá allir þeir nemendur ná þeim grunn viðmiðum sem tilgreind eru í Aðalnámskrá.	•lýsir sæmilegri hæfni og hana fá þeir nemendur sem sýna nokkra hæfni en ná ekki viðmiðum fyrir einkunninni B.	•lýsir því að hæfni er ábótavant miðað við það sem Aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Fyrir nemendur í þessari stöðu er þörf á einstaklingsnámskrá í viðkomandi fagi.

¹⁰ [Aðalnámskrá grunnskóla. \(2011/2013/2016\)](#). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Bls. 54.

¹¹ [Aðalnámskrá framhaldsskóla. \(2011/2015\)](#). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.


¹² [Aðalnámskrá grunnskóla. \(2011/2013\)](#). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Bls. 120-121.

Einkunnin C+ vísar til þess að nemandinn hafi náð öllum viðmiðum fyrir einkunnina A og að hluta til, en ekki alveg, viðmiðum fyrir einkunnina B. Sama skýring á við um einkunnina B+.

Stjörnumerktar einkunnir (t.d. C*) vísa til viðmiða í einstaklingsáætlun nemandans.

7.2 Hæfnimiðað nám

Matsviðmið Aðalnámskrár eru brotin niður í hæfniviðmið og svo áfram í markmið með einstökum verkefnum. Slík flokkun og uppbygging markmiða tengir dagleg viðfangsefni nemenda við þau stóru markmið sem skólastarf stefnir að.



Kennarar bera frammistöðu nemenda saman við matsviðmið þegar þeir gefa nemendum einkunnir fyrir verkefni og próf. Að vori eru allar slíkar einkunnir dregnar saman í lokaeinkunn á hverju námssviði. Einkunnir vísa til þeirrar hæfni sem nemandinn sýnir á þeim tíma sem einkunnin er sett fram. Lokaeinkunn er ekki dregin niður þótt nemandinn hafi sýnt minni hæfni fyrr á skólagöngunni, enda myndi slíkt gera lítið úr því ferli sem námið er.

Notkun viðmiða í framsetning á námsmati gerir ráð fyrir að námsmarkmiðin séu ávallt sýnileg nemendum og ýtir undir gegnsæi í samskiptum nemenda og kennara um framvindu í náminu. Hæfnimiðað námsmat bætir upplýsingagildi einkunna og samræmir vel einkunnagjöf milli skóla.

7.3 Námsframvinda

Lýsingar á þeim markmiðum sem stefnt er að í verkefnavinnu nemenda eru í [námsáætlunum](#) á vef skólans. Námsmat fyrir hvert verkefni er síðan birt á INNU jafnóðum og kennarar skila umsögnum og/eða einkunnum til nemenda. Þar safnast upp saga af framvinda nemandans og forráðamenn hafa skýran aðgang að gögnum. Tvisvar á ári, í október og janúar, hittast nemendur, forráðamenn og umsjónarkennari til að ræða markmið, árangur og framvindu náms. Nemendur og forráðamenn geta skoðað einkunnir fyrir einstök verkefni á Innu.

7.4 Leiðsagnarmat

Kennarar leiðsega nemendum á margvíslegan hátt til að tryggja stöðuga framvindu í náminu. Samtöl í verkefnavinnu, markmiðssetning og sjálfsmat nemenda, einkunnir fyrir próf og verkefni eru allt tæki sem kennarar nýta til að tryggja að námsmatið sé leiðbeinandi fyrir nemendur.

7.5 Stöðluð próf og skimun

Í Garðaskóla er vel fylgst með stöðu nemenda í lestri og námi almennt með því að meta þau jafnt og þétt yfir árið.

Lesfimiþróf MMS er lagt fyrir nemendur í öllum árgöngum þrisvar sinnum á ári. Lesskilningsþrófið Orðarún er lagt fyrir nemendur í 8. Bekk tvisvar sinnum á ári og allir nemendur í 9. Bekk fara í LOGOS forskimunarþróf. Niðurstöður úr þessum þrófum/skimunum eru kynntar nemendum og forráðafólki og brugðist er við eftir þörfum.

7.6 Lykilhæfni

Lykilhæfni er samkvæmt Aðalnámskrá „sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans“¹³. Lykilhæfni snýr að ábyrgð og sjálfsmynd einstaklingsins, samstarfshæfileikum hans, hugarfærni og hæfileika til að nýta upplýsingar og miðla þeim áfram.

Lykilhæfni lýsir alhliða þroska nemandans og tengist öllum námssviðum. Hún skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá:

Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni og flytja mál sitt skýrt og áheyrliga og taka þátt í samræðum og rökræðum.	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, sýna áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.	Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.	Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnn hátt.	Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Allir lykilhæfni þættirnir fimm eru jafn mikilvægir og renna eins og rauður þráður um allan námsferil nemenda. Unnið er að því að byggja upp lykilhæfni nemenda á öllum námssviðum í öllum árgöngum Garðaskóla. Til þess að gera markvissa grein fyrir vinnu og árangri nemenda á sviðum lykilhæfni er hverju námssviði gert að meta skipulega ákveðna lykilhæfni á hverju skólaári. Hver faggrein í Garðaskóla tekur a.m.k. tvo þætti á hverju skólaári til námsmats og hefur metið alla lykilhæfniþætti í námsgreininni þegar nemandi útskrifast úr 10. bekk. Í grófum dráttum skipta faggreinarnar verkefninu með sér skv. eftirfarandi skipulagi:

8. BEKKUR	TJÁNING OG MIÐLUN	SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI
DANSKA		Námsmat	Námsmat		
ENSKA			Námsmat	Námsmat	
STÆRÐFRÆÐI	Námsmat		Námsmat	Námsmat	
ÍSLENSKA	Námsmat			Námsmat	
LIST- OG VERKGR		Námsmat	Námsmat		
SAMFÉLAGSFRÆÐI	Námsmat			Námsmat	Námsmat
NÁTTÚRUFRÆÐI			Námsmat	Námsmat	
UPPLÝSINGAMENNT	Námsmat		Námsmat	Námsmat	

¹³ [Aðalnámskrá grunnskóla](#). (2011/2013/2016). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Bls. 86.

ÍÞRÓTTIR OG SUND			Námsmat		Námsmat
HEIMILISFRÆÐI			Námsmat		

9. BEKKUR	TJÁNING OG MIÐLUN	SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI
DANSKA				Námsmat	Námsmat
ENSKA	Námsmat			Námsmat	Námsmat
STÆRÐFRÆÐI	Námsmat	Námsmat			Námsmat
ÍSLENSKA		Námsmat	Námsmat		
LIST- OG VERKGR		Námsmat			Námsmat
SAMFÉLAGSFRÆÐI	Námsmat	Námsmat		Námsmat	
NÁTTÚRUFRÆÐI	Námsmat	Námsmat			Námsmat
ÍÞRÓTTIR OG SUND			Námsmat		Námsmat
VAL: HEIMILISFRÆÐI			Námsmat		
VAL: LEIR OG GLER			Námsmat		Námsmat
STÆRÐFRÆÐIGRUNNUR	Námsmat	Námsmat	Námsmat		Námsmat
VALGREINAR	Kennarar í hverri námsgrein velja 2-3 lykilhæfni flokka til að meta í lok annar				

10. BEKKUR	TJÁNING OG MIÐLUN	SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI
DANSKA	Námsmat		Námsmat		Námsmat
ENSKA	Námsmat	Námsmat			Námsmat
STÆRÐFRÆÐI	Námsmat	Námsmat			Námsmat
ÍSLENSKA			Námsmat		Námsmat
LIST- OG VERKGR		Námsmat			Námsmat
SAMFÉLAGSFRÆÐI	Námsmat	Námsmat			Námsmat
ÍÞRÓTTIR OG SUND			Námsmat		Námsmat
VAL: NÁTTÚRUFRÆÐI		Námsmat	Námsmat	Námsmat	
VAL: HEIMILISFRÆÐI			Námsmat		
STÆRÐFRÆÐIGRUNNUR	Námsmat	Námsmat	Námsmat		
VAL: LEIR OG GLER			Námsmat		Námsmat
VALGREINAR	Kennarar í hverri námsgrein velja 2-3 lykilhæfni flokka til að meta í lok annar				

Nánari lýsingar á markmiðum náms í lykilhæfni, verkefnum og námsmati eru í [námsáætlunum](#) faghópa.

7.7 Vitnisburður

Nemendur fá vitnisburð í lok skólaárs. Í lok 10. bekkjar er þessi vitnisburður jafnframt vottorð um lok skyldunáms. Á vitnisburðarblaði koma fram lokaeinkunnir nemenda auk skólasóknar og ástundunar. Í einhverjum tilvikum eru nemendum gefnar umsagnir.

Nemendur og forráðafólk geta einnig skoðað vitnisburð rafrænt á INNU.

7.8 Meðmælabréf

Við ákveðnar aðstæður þurfa nemendur að biðja skólann um meðmæli t.d. við flutning í skóla erlendis. Meðmælabréf gefa upplýsingar sem á einhvern hátt eru viðbót við þá greinargerð um hæfni nemenda

sem fram kemur á vitnisburðarblöðum. Öllum umsóknum um meðmæli er vísað til skólastjóra sem afgreiðir þær og gefur út meðmæli fyrir hönd starfsmanna. Skólastjóri ber mál undir stjórnendur, námsráðgjafa og kennara eins og þörf er á og afgreiðir í samráði við þá.

Meðmælabréf eru gefin út af sérstökum ástæðum. Við útskrift úr 10. bekk er almennt ekki ástæða til að gefa út slík bréf. Framhaldsskólarnir taka meðmæli frá kennurum ekki til greina við inntökuferli á skólastigið. Meðmæli eru gefin út af sérstökum ástæðum á borð við:

- Áföll eða aðrar tilfallandi ástæður hafa hamlað námsframvindu
- Mikið misræmi er til staðar í hæfni nemandans og ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir styrkleikum viðkomandi.

8. Forvarnar- og viðbragðsáætlanir

Forvarnaráætlun Garðaskóla er unnin út frá þeim grunni sem lagður er í [Forvarnarstefnu Garðabæjar](#). Áætlun skólans fjallar um hvernig forsendur eru lagðar fyrir heilbrigðu líferni nemenda og spornað er við óheilbrigðu líferni.

8.1 Forvarnaráætlun

Forvarnaráætlun Garðaskóla byggir á jákvæðum og uppbyggilegum skólabrag sem unnið er að skv. hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar. Markvisst er unnið að forvörnum í víðum skilningi og allt skólastarf miðast að því að nemendur öðlist sjálfstjórn og hæfni í að bera ábyrgð á eigin gjörðum¹⁴. Í starfi skólans er lögð áhersla á gagnkvæma virðingu og jákvæð samskipti og þannig stutt við að hver einstaklingur efli sterka og heilbrigða sjálfsmynd, góðan félagsþroska og læri að lifa og starfa í þjóðfélaginu. Markmið samskipta í skólanum er að allir aðilar komi sterkari frá samskiptum. Þegar út af ber er leitað leiða til að ná stjórn á aðstæðum, leiðrétta mistök og gera áætlun um betrun sem leiðir til sjálfsábyrgðar, sjálfstjórnar og sjálfsvirðingar. Þessar stoðir nýtast sem forvörn gegn röngum og óábyrgum ákvörðunum um neyslu, framkomu, samskipti og gjörðir.

Á þessum grunni eru aðgerðir í forvörnum á nokkrum afmörkuðum sviðum unnar og ber þar helst að nefna:

1. Forsendur forvarnarverkefna byggðar upp með áherslu á að efla sjálfsábyrgð og félagsþroska allra nemenda.
2. Forvarnir á sviði velferðar, kynheilbrigðis og jafnréttis
3. Forvarnir gegn notkun áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna
4. Forvarnir á sviði netnóttunar

Forvarnarverkefni í Garðaskóla eru unnin í nánun samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund, foreldrafélag Garðaskóla og fleiri samstarfsaðila. Árgangar sækja viðburði í heilu lagi, verkefni eru kennd innan fagdeilda og umsjónarkennarar vinna veigamikinn hluta þessarar áætlunar með umsjónarnemendum sínum bæði í vikulegum umsjónartímum og á þemadögum.

Á hverju ári taka forvarnarverkefni mið af áherslum í skólastarfinu, þörfum nemendasamfélagsins og því framboði sem er í boði á höfuðborgarsvæðinu. Skólastjóri og forstöðumaður Garðalundar miðla upplýsingum sín í milli um hegðunarmynstur í nemendahópnum. Þeir eiga reglulega samtal við fulltrúa foreldra um stöðu mála. Til dæmis fundar skólastjóri með stjórn foreldrafélagsins a.m.k. einu sinni á önn og hittir bekkjarfulltrúa á fundi þeirra að hausti. Einnig fylgjast aðilar með niðurstöðum kannana á borð við [Ungt fólk](#) sem gefa upplýsingar um viðhorf og lífshætti ungmenna á hverju ári.

Yfirlit um skipulag forvarnarverkefna á hverju skólaári er birt í starfsáætlun (<http://gardaskoli.is/skolinn/starfsaaetlun-gardaskola/>).

8.1.1 Velferð barna og ungmenna í Garðaskóla

Garðaskóli er aðili að verkefninu [Velferð barna og ungmenna í Garðabæ](#) sem hófst með styrk frá Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins árið 2013 og hélt áfram 2015 með styrk frá Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ. Markmið verkefnisins er að samhæfa verklag og vinnubrögð allra sem vinna með börnum og unglingum í bænum þegar grunur kviknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun. Undir hatti velferðar verkefnisins er líka haldið utan um [fræðsluyfirlit um námsefni á sviði jafnréttis, kynheilbrigðis og velferðar](#). Verklag og nánari upplýsingar má nálgast á [vef skólans](#).

¹⁴ Sjá nánar um uppeldi til ábyrgðar í kafla 3 og á vefnum [Samskipti og skólaandi](#).

Velferðar verkefnið hefur skýrar tengingar við þá aðila sem vinna að tómstundastarfi barna og unglinga í bænum. Það styður við forvarnaráætlun Garðaskóla og skapar samfellu í gegnum öll skólastig í Garðabæ á sviði forvarna og velferðar.

Í Garðaskóla hefur sérstök áhersla verið lögð á forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og hefur skólinn átt gott samstarf við samtökin [Blátt áfram](#) á þessu sviði. Fræðsla frá Blátt áfram er hluti af umsjónar/lífsleiknikennslu í 8. bekk og námsráðgjafar fylgja henni vel eftir. Önnur fræðsla á sviði kynheilbrigðis fer fram í umsjón í öllum árgöngum í umsjónartímum og öðrum faggreinum, sérstaklega náttúrufræðinni.

Deildarstjórar og námsráðgjafar hafa yfirumsjón með forvörnum og viðbrögðum skólans ef upp koma tilfelli um kynferðislegt ofbeldi. Slíkt er ávallt litið alvarlegum augum og vísað til barnaverndaryfirvalda eins og lög gera ráð fyrir.

8.1.2 Forvarnir gegn notkun áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna

Starfsfólk og stjórnendur Garðaskóla fylgjast vel með nemendum skólans í daglegu starfi. Ætlast er til að starfsfólk þekki einkenni sem einstaklingar sýna samhliða neyslu á ávanabindandi efnum og bregðist ákveðið við ef grunur kviknar um að nemandi sé að neyta slíkra efna. Í [skólareglum](#) eru settar skýrar marklínur í þessum efnum: „Við ástundum heilbrigðar lífsvenjur, snæðum holla fæðu og hreyfum okkur reglulega. Garðaskóli er heilsueflandi skóli sem styður nemendur til heilbrigðra lífs- og neysluháttar. Við höfnum neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.“

Ef grunur kviknar um að nemandi neyti vímuefna af einhverju tagi er alltaf haft samband við forráðamenn og unnið úr málinu í samræði við þá. Mál eru unnin í samræmi við gildi og vinnubrögð Garðaskóla eins og þeim er lýst á vefnum [Samskipti og skólaand](#). Neysla áfengis og annarra fíkniefna er ávallt tilkynnt barnaverndaryfirvöldum eins og lög gera ráð fyrir. Þegar þörf er á ráðgjöf og eftirfylgni mála er leitað til skólahjúkrunarfræðings og annarra sérfræðiaðila.

Stjórnendur Garðaskóla og Garðalundar fylgjast á hverju ári með niðurstöðum rannsóknarinnar [Ungt fólk – Hagir og líðan](#) sem gefur upplýsingar um neysluvenjur, hegðun, tengslamyndun og líðan barna í 5.-10. bekk á Íslandi. Ákvarðanir um hvaða gestafyrirlesarar eru fengnir til að vinna með nemendum skólans eru m.a. teknar út frá þeim þörfum sem birtast í niðurstöðum rannsóknarinnar.

8.1.3 Forvarnir á sviði netnotkunar

Netheimurinn er daglegur hluti af lífi barna, unglinga og fullorðinna. Internetið er vettvangur náms, samskipta og vaxtarmöguleika af ýmsu tagi. En ofnotkun netsins getur haft alvarlegar afleiðingar: líkamlegar, andlegar og félagslegar. Í Garðaskóla er lögð áhersla á að nýta netið og snjalltækni á ábyrgan hátt þannig að það gagnist í námi. Í [tölvu- og netstefnu skólans](#) eru settar skýrar marklínur sem fylgt er eftir í daglegu starfi. Í upplýsingatækni í 8. bekk og verkefnum innan flestra annarra faggreina er fjallað um ábyrga hegðun við öflun upplýsinga, notkun á netinu og í samskiptum á netinu.

Ef nemandi verður uppvís að óábyrgri netnotkun er tekið á málinu í samræmi við [verklag skólans](#), þ.e. á uppbyggilegan hátt. Nemanda er gefið tækifæri til að leiðrétta hegðun sína og foreldrar eru upplýstir um málið. Ef upp koma mál þar sem grunur leikur á að um einelti á netinu sé að ræða er unnið úr málum skv. [eineltisáætlun skólans](#).

Starfsmenn skólans og félagsmiðstöðvar fylgjast með niðurstöðum rannsóknarinnar [Ungt fólk – Hagir og líðan](#) og bregðast við þeirri netnotkun sem þeir verða varir við í daglegu starfi. Jákvæð netnotkun er nýtt til góðra verka og neikvæð notkun er stöðvuð og leiða leitað til að koma málum í betri farveg. Starfsfólk leitar markvisst til sálfræðinga og annarra aðila sem vinna að lausnum fyrir þá einstaklinga sem ofnota netið og missa fótanna vegna þessa. Áhersla er lögð á að starfsmenn, jafnt sem nemendur,

fái reglulega fræðslu um strauma og stefnur í netnotkun ungmenna þannig að þeir viti hverju ástæða er til að fylgjast með, hvar hættur geta legið og hvernig best sé að bregðast við.

8.1.4 Viðbrögð við óábyrgri hegðun

Í Garðaskóla er lögð áhersla á að fyrirbyggja neikvæða hegðun með öflugu stoðkerfi sem styður við nemendur námslega, félagslega og tilfinningalega. Umsjónarkennarar fylgjast náið með umsjónarnemendum sínum og halda sterkum tengslum við heimilin. Starf deildarstjóra, námsráðgjafa og námsvers miðar allt að stuðningi við einstaklinga og hópa í skólanum.

Starfsfólk Garðalundar vinnur náið með starfsfólki skólans að því að fylgjast með nemendum í daglegu starfi, bjóða fjölbreytta dagskrá verkefna utan skólatíma og bregðast við neikvæðum mynstrum sem upp kunna að koma í nemendahópnum. Forstöðumaður Garðalundar situr í nemendaverndarráði Garðaskóla. Ráðið styður við bakið á starfsmönnum með ráðgjöf og úrræðum innan og utan skóla.

Nemendur vita að sömu reglur gilda í skóla og félagsmiðstöð og mörk er skýr varðandi neyslu vímugjafa og samskipti nemenda bæði í raunheimi og netheimi. Þessar reglur eru tilgreindar í [skólareglum](#) og á vefnum [Samskipti og skólaandi](#). Viðbrögð við brotum á marklínunum fara eftir þunga og eðli brots. Í öllum tilvikum er varða skaðlega neyslu eða sjálfsskaðandi hegðun er nemendum gert að sækja fræðslu hjá hjúkrunarfræðingi og/eða námsráðgjafa um skaðsemi viðkomandi neyslu eða hegðunarmynsturs. Öll brot varðandi neyslu áfengis eða annarra vímugjafa eru tilkynnt forráðamönnum og þeir kallaðir til viðtals með börnum sínum. Slík brot eru einnig tilkynnt félagsmálafyrirvöldum. Brot af þessu tagi hafa verið sjaldgæf á undanförunum árum.

8.2 Gegn einelti í Garðabæ

Í Garðaskóla eiga allir rétt á að geta stundað nám og notið félagslífs án þess að óttast einelti eða annað ofbeldi. Einelti er litið alvarlegum augum og þegar upp koma mál í skólanum þar sem grunur leikur á að um slíkt sé að ræða er tekið á málinu strax. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er öll stríðni, áflog, samskiptavandamál eða vanlíðan nemenda einelti. Það þýðir þó ekki að slíkan vanda eigi að láta afskiptalaus. Til að leysa vanda sem upp er kominn og koma í veg fyrir eintelti þarf samstillt átak og ábyrgð nemenda, forráðamanna, kennara og annarra starfsmanna skólans.

Garðaskóli tekur þátt í verkefninu [Gegn einelti í Garðabæ](#) sem er samstarfsverkefni grunnskóla bæjarins. Markmið verkefnisins er að koma á samræmdum vinnubrögðum til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, bæta líðan og öryggi nemenda og skólabraginn í heild. Í [eineltisáætlun Garðabæjar](#) er birt skilgreining á einelti, hvernig starfsmenn eiga að bregðast við og vinna með það. Allir starfsmenn skólans taka þátt í verkefninu. Í skólanum er starfrækt eineltisteymi sem situr einnig í verkefnastjórn „Gegn einelti í Garðabæ“.

Eineltisáætlun skólans er kynnt öllum starfsmönnum og nemendum hvert haust. Náms- og starfsráðgjafar halda utan um þær kynningar og þróa milli ára.

Á Íslandi er skilgreindur dagur gegn einelti 8. nóvember ár hvert. Í nóvember er því lögð áhersla á að hafa markvissa vinnu gegn einelti með öllum nemendum. Það er misjafnt milli ára hvaða verkefni eru unnin: gestafyrirlesarar, þemadagur, vinna í umsjónarhópum og margt fleira er sett á dagskrá og er þá tekið mið af því framboði sem er til staðar hvert haust.

Á vorönn í 8. bekk fer fram jafningjafræðsla gegn einelti. Námsráðgjafar og nemendaráðgjafar standa að því verkefni. Nemendaráðgjafar eru hópur nemenda sem vinnur að því að viðhalda góðum skólabrag. Hópurinn starfar undir stjórn námsráðgjafa og fær starf sitt metið sem valgrein í skólanum.

8.3 Viðbragðs- og áfallaáætlun

Í [viðbragðs- og áfallaáætlun](#) er gerð grein fyrir hlutverki áfallaráðs og lýsingar gefnar á verkferlum sem viðhafðir eru þegar starfsfólk og nemendur þurfa að bregðast við áföllum og hættuástandi. Áfallaráð uppfærir áætlunina ár hvert og framfylgir henni innan skólans. Í [starfsþróunaráætlun](#) er gert grein fyrir þeim námskeiðum sem haldin eru til að starfsfólk þekki viðbragðs- og áfallaáætlunina og efli færni til að bregðast við veikindum, slysum, bruna og öðrum áföllum sem geta átt sér stað í skólanum. Öllum starfsmönnum ber að sækja eldvarnarnámskeið og skyndihjálparnámskeið reglulega.

Viðbragðs- og áfallaáætlunin í heild er birt á [vef Garðaskóla](#) ásamt tenglum á tengd gögn, t.d. frá Almannavörnum og Slökkviliði.

8.4 Nemendaverndarráð

Við Garðaskóla starfar nemendaverndarráð skv. reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Nemendaverndarráð hefur það meginmarkmið að starfa að velferðarmálum einstakra nemenda í skólanum. Nemendaverndarráð samræmir störf þeirra sem sjá um málefni nemenda varðandi forvarnarstörf, heilsugæslu, námsráðgjöf, sérkenntu og sérfræðiþjónustu. Ráðið er skólastjóra og aðstoðarskólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um úrræði í málum nemenda sem til þess er vísað. Fundir eru bókaðir og farið er með allar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna. Þegar máli nemanda er formlega vísað til nemendaverndarráðs eru foreldrar upplýstir um það.


Nemendaverndarráð fundar vikulega á starfstíma skóla og í því sitja aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar árganga og námsvers, námsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, forstöðumaður félagsmiðstöðvar, fulltrúi fjölskyldusviðs Garðabæjar og fulltrúi meðferðarteymis Heilsugæslunnar. Umsjónarkennarar mæta á fundi þegar þörf er á því. Deildarstjóri námsvers boðar til, stjórnar og leggur fram dagskrá funda nemendaverndarráðs. Allir starfsmenn skólans geta vísað málum til nemendaverndarráðs í samráði við deildarstjóra námsvers.

Nemendaverndarráð fjallar um einstaka nemendur, mál hópa og heilla bekkja, agamál og annað er varðar velferð nemenda við skólann. Hugað er að námslegum þáttum, sjálfsmynd og líðan og félagslegri stöðu nemenda. Ráðið ákveður hver/hverjir taka að sér hvert mál og hvenær viðkomandi skal greina frá árangri þess sem gert er. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

9. Starfsfólk

Í handbók starfsfólks Garðaskóla eru upplýsingar um hagnýt atriði sem starfsmenn þurfa að þekkja til í daglegu starfi. Þar eru einnig skráðar verklagsreglur og leiðbeiningar um ýmsa þætti í starfi skólans. [Handbókin](#) er uppfærð reglulega og birt á vef skólans.

9.1 Skipurit



10. Samstarf heimila og skóla

Menntun ungmenna er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Til að það megi vinnast vel þurfa samskipti að vera viðvarandi og góð. Skólinn miðlar upplýsingum til forráðamanna á [vef skólans](#), í námsumsjónarkerfinu INNU og með tölvupóstsamskiptum. Umsjónarkennarar eru fyrstu tengiliðir heimila við skólann og bera hitann og þungan af daglegu samtali aðila.

10.1 Þátttaka foreldra í skólastarfinu

Samstarf Garðaskóla við foreldrasamfélagið fer fram á ýmsan hátt. Skólastjóri ber ábyrgð á að [foreldrafélag](#) starfi við skólann. Hann hittir stjórn foreldrafélagsins a.m.k. einu sinni á önn og leggur sig fram um að hlusta eftir áherslum foreldrasamfélagsins eins og stjórnin gerir grein fyrir þeim. Einnig situr skólastjóri fund bekkjarfulltrúa á hverju hausti.

Skólastjóri ber einnig ábyrgð á starfsemi [skólaráðs](#) og í því sitja tveir fulltrúar foreldra auk fulltrúa annarra aðila innan skólans.

11. Samstarf skólastiga og samfella í skólastarfi

11.1 Móttaka nýrra nemenda

Þegar nýr nemandi byrjar í Garðaskóla halda námsráðgjafar skólans utan um móttöku hans. Þetta gildir um nemendur sem tala ekki íslensku jafnt og íslenskutalandi. Námsráðgjafar bjóða nemandann og foreldra hans velkomna í skólann, sýna húsnæði, kalla eftir nauðsynlegum gögnum og upplýsingum og koma nemandanum í tengsl við aðra nemendur í skólanum.

Forráðamenn þurfa að sækja um skólavist í gegnum þjónustugátt Garðabæjar.

Í kjölfarið á móttökuviðtali námsráðgjafa og þegar foreldrar hafa skráð barn sitt í skólann skráir ritari nemandann inn í námsumsjónarkerfi skólans og veitir foreldrum aðgangur að því. Deildarstjóri hefur yfirumsjón með stundatöflu nemandans og er hún sett saman í góðu samráði við hann og foreldra. Námsráðgjafar upplýsa starfsmenn um komu nýs nemanda og virkja nemendaráðgjafa til að taka á móti nýjum skólafélaga.

11.2 Móttaka nýbúa

Þegar nýr nemandi kemur í Garðaskóla eftir langa búsetu erlendis er sérstaklega hugað að stöðu hans í samfélaginu og íslenskukennslu. Þegar þörf er á pantar skólinn túlkajónustu fyrir alla fundi með foreldrum.

Nemendur sem tala ekki íslensku fá íslenskukennslu í námsveri skólans. Deildarstjóri námsvers gerir áætlun í samráði við nemandann og foreldra hans um innkomu nemandans í almenna hópa og stuðning við nám hans. Áhersla er lögð á að nýr nemandi komist sem allra fyrst í góð tengsl við aðra nemendur í skólanum og að hann fái kennslu við hæfi í sem flestum námsgreinum.

Íslenskukennari og kennari sem kennir íslensku sem annað tungumál útbúa kennslumarkmið fyrir nemandann. Þeir skipuleggja námið ásamt deildarstjóra námsvers og umsjónarkennari heldur utan um félagslega aðlögun og samskipti við heimili.

Áhersla er lögð á að kennarar nýti rafrænar orðabækur, sjónrænt efni og myndrænar útfærslur í kennslu með nemendum sem eru að læra íslensku. Gott og náið samstarf er skipulagt á milli umsjónarkennara, sérgreinakennara og þeirra sem kenna íslensku sem annað tungumál. Nauðsynlegt er að byrja á að kenna og þjálfna nemandann í almennum orðaforða og samskiptum á íslensku og innleiða einnig eftir bestu getu skólamál og flóknari hugtök námsbóka.

Við félagslega aðlögun nemanda er nýtt aðferðin tveir í takt. Þá tekur íslenskur nemandi að sér að vera sérstakur félagi nýja nemandans í skólanum í lengri eða skemmri tíma. Í sumum tilfellum hafa íslensku nemendurnir verið afar vinsamlegir en nýi nemandinn sem kemur erlendis frá verið feimin við samskiptin. Gott er því að fara frekar hægt í sakirnar til að byrja með og leyfa nýja nemandanum að finna sig og síðan er lagt af stað með vel skipulagða félagslega aðlögun með virkri þátttöku íslensku nemendanna.

Íslensku nemendurnir eru þjálfaðir í að kenna erlenda nemandanum íslensku og lögð á það áhersla að þeir noti ekki ensku í samskiptum sínum við þá.

Skólinn aflar upplýsinga um áhugamál og styrkleika nemandans sem kemur erlendis frá og reynt er að greiða leið hans í félagsstarf eða tómstundir í Garðabæ þar sem jafnaldrar hans eru. Námsráðgjafar, nemendaráðgjafar eða starfsmenn félagsmiðstöðvar taka þetta hlutverk að sér.

Félagsmiðstöð og starfsmenn hennar eru kynnt vel fyrir nemandanum og fá nemanda/nemendur úr félagsmálavali það verkefni að kynna félagslífið vel fyrir erlenda nemandanum og sjá til þess að hann sé vel upplýstur um alla viðburði í skólanum og hafi örugga fylgd á þá ef hann óskar þess.

Ef margir nemendur með sama móðurmál stunda nám við skólann er mikilvægt að þeir vinni saman og styðji hvorn annan í náminu. Sumir þeirra hafa verið lengur á Íslandi en aðrir og eru lengra komnir í náminu og því tilvaldir í slíka jafningjafræðslu.

11.3 Úr sjöunda í áttunda bekk í Garðabæ

Grunnskólar í Garðabæ og skóladeild bæjarins hafa gert sameiginlega áætlun um verkferla við flutning nemenda úr sjöunda í áttunda bekk. Áætlunin miðar að því að valkostir séu vel kynntir til nemenda og forráðamanna og að vel sé tekið á móti nýjum nemendum í viðtökuskóla. Garðaskóli starfar samkvæmt þessari áætlun og er hún [birt á heimasíðu skólans](#).

11.4 Úr grunn- í framhaldsskóla í Garðabæ

Garðaskóli býr að góðu samstarfi við Fjölbrautaskólann í Garðabæ frá stofnun beggja skóla. Haustið 2015 var gengið frá áætluninni Úr grunn- og framhaldsskóla í Garðabæ sem unnin var af fulltrúum FG, Garðaskóla, Álftanesskóla og Sjálandsskóla auk fulltrúa skóladeildar, fjölskyldusviðs og heilsugæslu. Áætlunin gerir grein fyrir verklagi við útskrift úr grunnskóla og innritun í framhaldsskólann, námsráðgjöf á skilum skólastiga og aðgerðir til að sporna við brottfalli nemenda úr framhaldsskóla. [Áætlunin er aðgengileg á vef skólans](#) og uppfærð þar eftir þörfum.

11.5 Vinnureglur um útskrift nemenda í lok 9. bekkjar

Samkvæmt gildandi grunnskólalögum geta nemendur ekki útskrifast úr grunnskóla nema þeir hafi lokið tilskildu námi sem skilgreint er í aðalnámskrá grunnskóla. Grunnskólum er hins vegar samkvæmt sömu lögum heimilt að bjóða nemendum upp á nám á framhaldsskólastigi. Einnig er grunnskólum heimilt að útskrifa nemendur á styttri tíma en 10 árum að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind eru í kafla 9.10 í Aðalnámskrá grunnskóla¹⁵. Þessi skilyrði eru eftirfarandi:

- Nemandi uppfylli viðmið með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár með framúrskarandi árangri.
- Nemandi hafi fengið náms- og starfsráðgjöf.
- Skólastjóri, umsjónarkennari og sérfræðipjónusta telji útskrift ráðlega.
- Nemandi hefur félagsþroska til að takast á við félagslegt umhverfi framhaldsskóla.

Garðaskóli hefur um árabil boðið upp á framhaldsáfganga fyrir dugmikla nemendur og hafa þeir geta lokið 1-2 framhaldsskólaáföngum í ensku, íslensku, stærðfræði og fatahönnun. Einingar sem nemendur öðlast við að ljúka þessum áföngum nýtast þeim í Fjölbrautaskóla Garðabæjar og aðrir fjölbrautaskólar hafa einnig tekið einingar frá Garðaskóla gildar í mati á framhaldsnámi.

Ef nemendur með samþykki foreldra kjósa að ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en 10 árum eins og lög segja fyrir um skólaskyldu þá þurfa þeir að uppfylla eftirtalin skilyrði:

Við lok 8. bekkjar geta nemendur með samþykki foreldra sótt um að fá að ljúka tilskildu námsefni Garðaskóla í 9. og 10. bekk á einu námsári. Fyrir hendi þarf að liggja umsögn og meðmæli umsjónarkennara í 8. bekk auk umsagnar og meðmæla frá sérfræðipjónustu skóladeildar Garðabæjar. Umsögnin þarf að byggja á mati á námslegri og félagslegri stöðu nemandans.

- Náms- og starfsráðgjafi Garðaskóla heldur utan um mál nemandans í undirbúningi lokaárs í grunnskóla og á meðan á því stendur. Náms- og starfsráðgjafi ráðfærir sig við forráðamenn og skólastjóra reglulega í ferlinu.

¹⁵ [Aðalnámskrá grunnskóla. \(2011/2013\)](#). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Bls. 58-59.

- Stundaskrá nemanda er samin með tilliti til þess að nemandi nái að fara yfir hæfniviðmið skólans og ljúka grunnskólanámi við lok 9. skólaárs.
- Að loknu þessu námsári teljast nemendur sem standast próf hafa lokið grunnskólanámi og fá fullgilt brottfararskírteini sem vottar það.

Nemendur sem uppfylla eftirtalin skilyrði geta sótt um að ljúka grunnskóla að loknum 9. bekk án þess að hafa lokið yfirferð um öll hæfniviðmið aðalnámskrár:

- Nemandi hyggist innritast í framhaldsskóla sem hefur heimild Menntamálaráðuneytisins til að taka inn nemendur úr 9. bekk grunnskóla í samráði við Garðaskóla og sveitarfélagið Garðabæ. Formleg útskrift úr grunnskóla fari ekki fram fyrir en staðfesting liggur fyrir frá framhaldsskóla um að undirbúningur innritunar sé hafinn. Ef slík staðfesting liggur ekki fyrir sé gert ráð fyrir að nemandinn komi til náms í 10. bekk í Garðaskóla.
- Nemandinn hafi lokið skyldunámi (flugferð) í íslensku, stærðfræði og ensku ásamt prófi í náttúrufræði, samfélagsfræði og í dönsku/norsku/sænsku með mjög góðum árangri.
- Fyrir hendi þarf að liggja umsögn og meðmæli umsjónarkennara í 9. bekk auk umsagnar og meðmæla frá sérfræðiþjónustu skóladeildar Garðabæjar. Umsögnin þarf að byggja á mati á námslegri og félagslegri stöðu nemandans.
- Á brottfararskírteini skólans komi skýrt fram að nemandinn hafi fengið undanpágu frá því að ljúka tilskildu námi 10 ára skyldunáms en hafi að öðru leyti uppfyllt önnur skilyrði skólans til útskriftar úr skyldunámi.

12. Samstarf við nærsamfélag

Samstarf Garðaskóla við nærsamfélagið kristallast í nánu samlífi skólans og félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Nemendafélag Garðaskóla starfar undir handleiðslu starfsmanna Garðalundar og skipuleggur öflugt og fjölbreytt félagslíf innan skólans. Nemendur hafa m.a. mjög góða aðstöðu til ýmiss konar sköpunar og listiðkunar og í skólanum hafa orðið til góðar hljómsveitir, magnaðar stuttmyndir og framúrstefnulegur tískufatnaður svo fátt eitt sé nefnt. Skólinn og félagsmiðstöðin samnýta húsnæði fyrir viðburði af ýmsu tagi og starfsmenn vinna sameiginlega að því að skapa unglíngum í Garðabæ fjölbreytta, skemmtilega og uppbyggilega reynslu.

Frá upphafi hefur Garðaskóli átt náið samstarf við Fjölbautaskólann í Garðabæ (FG) og geta framúrskarandi nemendur í Garðaskóla t.d. lokið fyrsta þreps áfanga frá FG í skólanum.

Garðaskóli kappkostar jafnframt að eiga gott samstarf við aðra grunnskóla í bænum og þá aðila sem sinna tómstunda- og íþróttastarfi.

13. Mat á skólastarfi

Skólinn er aðili að Skólapúlsinum og tekur úrtak nemenda könnunina í hverjum mánuði. Þegar niðurstöður hvers mánaðar eru birtar eru þær rýndar og brugðist við ef þörf er á. Um áramót er svo unnin heildstæð skýrsla úr niðurstöðum Skólapúsins fyrir áramót og í lok skólaárs er heildstæð skýrsla unnin upp úr niðurstöðum ársins. Starfsfólk skólans svarar Skólapúlsinum annað hvert ár og foreldrar við skólann sömuleiðis.

Einstaka fagdeildir meta einnig sitt starf og kennslu með því að leggja fyrir spurningalista í lok kennslulotu.

Starfsfólk skólans svarar Skólapúlsinum annað hvert ár og foreldrar við skólann sömuleiðis.

14. Þróunarstarf og starfsþróun

Þróunaráætlun fyrir hvert starfsár er birt í starfsáætlun skólans á hverju ári. Til viðbótar við það geta kennarar sótt um styrk í Þróunarsjóð leik- og grunnskóla í Garðabæ til að vinna að einstaka þróunarverkefnum sem þeir hafa áhuga á.

Símenntunaráætlun hvers skólaárs er samþykkt á kennarafundi og birt í starfsáætlun skólans á hverju skólaári.